



SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI HOSPITAL

Ársskýrsla 2023



ÖRYGGI

SAMVINNA

FRAMSÆKNI

Efnisyfirlit

| | | | | | |
|--|----|---|----|--|----|
| SAK fyrir samfélagið..... | 3 | Skrifstofa fjármála..... | 24 | Lyfjapjónusta..... | 48 |
| Árið á sjúkrahúsinu | 6 | Svið faglegrar þróunar | 25 | Miðstöð heilbrigðisgagnafræðinga..... | 50 |
| Starfsemi | 6 | Gæðastjóri | 25 | Myndgreiningadeild/myndgreiningalækningar | 51 |
| Framkvæmdir | 6 | Mennta- og vísindadeild..... | 26 | Rannsóknadeild/rannsóknalækningar | 52 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 6 | Sjúkraflutningaskóli | 28 | Rekstrardeild (tæknideild, lager, húsumsjón) | 53 |
| Gjafasjóður og Hollvinir | 7 | Sýkingavarnarstjóri/sýkingavarnarráð..... | 29 | Ræstimiðstöð | 54 |
| Gjafir á árinu | 7 | Öryggisstjóri/öryggisnefnd | 30 | Upplýsingatæknideild | 54 |
| Markvert á árinu | 8 | Svið klínískrar þjónustu..... | 31 | Mannauðssvið | 55 |
| Vísindastarf..... | 8 | Almenn göngudeild | 31 | Mannauðsdeild..... | 55 |
| Þátttaka í rannsóknum og rannsóknarverkefnum..... | 8 | Barnadeild/barnalækningar | 32 | Samskiptafulltrúi | 56 |
| Birtar greinar 2023..... | 9 | Bráðamóttaka/bráðalækningar | 33 | Sjúkrahúsprestur | 57 |
| Tölulegar upplýsinga..... | 11 | Fæðingadeild/fæðinga- og kvensjúkdómalækningar..... | 34 | Nefndir, ráð og teymi..... | 58 |
| Fjöldi sjúklinga og dvalardagar, samanburður á milli ára ... | 11 | Félagsráðgjöf | 37 | Eftirlitsnefnd með aðgengi að sjúkraskrá..... | 58 |
| Kyn og meðalfjöldi dvalardaga..... | 12 | Geðdeild/geðlækningar | 38 | Endurlífgunarráð..... | 58 |
| Yfirlit yfir starfsemi | 13 | Gjörgæsludeild/svæfinga- og gjörgæslulækningar | 39 | Faghópur um fjölskyldustuðning..... | 60 |
| Göngudeildarkomur lækna | 14 | Kristnesspítali/endurhæfinga- og öldrunarlækningar..... | 40 | Jafnréttisnefnd..... | 61 |
| Önnur göngudeildarþjónusta, komur..... | 14 | Lyflækningadeild/lyflækningar | 42 | Nýtingarnefnd húsnæðis..... | 61 |
| Breytingar á starfsemi SAK 2019 – 2023 í vísitölu..... | 15 | Skurðlækningadeild/skurðlækningar/ | | Skurðstofunefnd | 62 |
| Gæðavísar 2023..... | 16 | bæklunarskurðlækningar | 43 | Stuðningsteymi starfsfólks..... | 63 |
| Setnar stöður niður á deildir/svið..... | 17 | Skurðstofur | 45 | Umhverfisráð..... | 63 |
| Skipting starfsstétta..... | 18 | Svæfingadeild | 46 | Upplýsingaöryggisnefnd | 64 |
| Skipurit | 19 | Svið rekstrar og klínískrar stoðþjónustu | 47 | Útskriftarteymi | 65 |
| Ársreikningur | 21 | Eldhús | 47 | Vísindaráð..... | 66 |
| | | | | Vísindasjóður | 67 |

Útgefandi: Sjúkrahúsið á Akureyri, maí 2024

Ábyrgðarmaður: Hildgunnur Svavarsdóttir, forstjóri

Grafísk vinnsla: Margrét Káradóttir

Tölfræðivinnsla og gagnaframsetning: Hrafnhildur Peiser

Prófarkarlestur: Katrín Árnadóttir

Ljósmyndir: Axel Þórhallsson, Sjúkrahúsið á Akureyri, Katrín Árnadóttir



SAK fyrir samfélagið

Mönnun sérhæfðs heilbrigðisstarfsfólks er mikil áskorun í heilbrigðiskerfinu en síðustu ár hefur borið meira á álagi, þreytu og veikindum hjá starfsfólki með tilheyrandi skorti í mönnun. Þessi staða hafði áhrif á starfsemi SAK m.a. með þeim afleiðingum að grípa þurfti til tímabundinna skerðinga á þjónustu í mismunandi sérgreinum. Slík staða veldur áhyggjum og var sannarlega þörf á því að hlúa vel að starfsfólkinu og leita leiða við að tryggja mönnun eins og kostur er með hliðsjón af þeim verkefnum sem sjúkrahúsinu er ætlað að sinna. Ákveðið var að fara af stað með verkefni þar sem fólkið var í fyrirrími og hét verkefnið „Komdu í lið með okkur!“. Átakið snýst um að laða að nýtt starfsfólk með því að kynna störf og starfsemi á SAK. Verkefnið hafði m.a. þau áhrif að í lok árs var víða betri mönnun en í upphafi árs þó ljóst sé að áskorunin er enn til staðar.

Aukin starfsemi var á flestum starfseiningum á árinu með tilheyrandi álagi tengt fjölgun innlagna auk þess sem áhrifa lokunar á hjúkrunarheimilinu Hlíð, vegna myglu í húsnæði, gætti á legudeildum SAK þar sem sjúklingar voru lengur inniliggjandi þar sem þau höfðu í engin úrræði að fara. Með þrautseigju og dugnaði tókst starfsfólki að halda starfsemi gangandi og sinna öllum þeim sjúklingum sem þurftu á þjónustu SAK að halda.

Til þess að halda úti öflugri heilbrigðisþjónustu er mikilvægt að stofnunin leggi sitt af mörkum í að stuðla að bættari heilsu og vellíðan en með stuðningi heilbrigðisráðuneytisins var komið á laggirnar svokölluðu velferðartorgi sem mæltist vel fyrir. Á velferðartorginu býðst starfsfólki þrjú

tímar af fjölbreyttri þjónustu s.s. sálfræðitímar, heilsunudd eða fjölskylduráðgjöf því að kostnaðarlausu. Það er ávallt markmið okkar á SAK að þar sé sterk liðsheild meðal starfsfólks, hlúið sé að starfsfólki og stuðlað að aukinni starfsánægju.

Nýtt stjórnskipulag 1. september

Þann 1. september tók gildi nýtt stjórnskipulag á SAK. Töluverðar breytingar urðu frá skipulagi sem hafði verið í gildi frá árinu 2012 en þá var starfsemi sjúkrahússins skipt upp í þrjú klínísk svið auk sviðs fjármála og reksturs. Í nýju stjórnskipulagi voru klínísku sviðin sameinuð í eitt svið klínískrar þjónustu. Framkvæmdastjórar lækninga og hjúkrunar fengu skýrara hlutverk sem leiðtogar faglegrar framþróunar. Klínísk stoðþjónusta og annar rekstur færðist undir nýtt svið rekstrar og klínískrar stoðþjónustu auk þess sem verkefni starfsmannaþjónustu og skrifstofu forstjóra féllu undir nýtt mannauðssvið. Nýtt starf fjármálastjóra varð einnig til. Vinnan við hið nýja stjórnskipulag var unnin í samráði við framkvæmdastjórn, fagráð, stjórnendur og starfsfólk auk KPMG ráðgjafafyrirtækis.

Gæðaúttektir

SAK hlaut fyrst DNV HealthCare vottun árið 2015 og ISO9001 vottun árið 2019, fyrst allra íslenskra heilbrigðisstofnana. SAK er ennþá eina íslenska heilbrigðisstofnunin sem hefur slíkar vottanir. DNV HealthCare og ISO9001 vottunin voru endurnýjaðar 2021 en næsta endurnýjun er á dagskrá 2024. Árlega eru minni úttektir en þar fara vottunaraðilar yfir

afmarkaðar kröfur staðlana. Á upplýsingatæknisviði er SAK með vottun samkvæmt upplýsingaöryggisstaðlinum ISO27001:2013. Þá er SAK með jafnlaunavottun samkvæmt ÍST85. Úttektir hafa undantekningalaust gengið vel og við getum verið stolt og ánægð með þann árangur sem við höfum náð í okkar gæðastarfi sem umlykur alla starfsemi stofnunarinnar. Til viðbótar við ofangreindar vottanir, þá hafa eftirlitsstofnanir, s.s. Lyfjastofnun, gert úttektir á afmörkuðum hlutum í starfseminnar.

Ný legudeildarbygging og fleiri framkvæmdir

Ný 9.200 fermetra legudeildarbygging mun rísa sunnan við núverandi byggingar á árinu 2028 ef áætlanir ganga eftir. Fyrir liggur ráðgjafarsamningur milli NLSH og SAK til að tryggja faglega aðkomu sjúkrahússins að verkefninu. Á árinu var ýmis undirbúningsvinna unnin með notendahópum auk þess sem auglýst var opið forval að hönnun og í framhaldi útboð og verkframkvæmdir. Langþráðu markmiði var náð þann 12. apríl 2023 þegar lyfjapjónustan (áður sjúkrahúsapótek) flutti aðalstarfsemi sína úr kjallara í nýtt rými á 3. hæð. Lyfjapjónustan uppfyllir nú nútímakröfur um meðhöndlun og blöndun lyfja. Áfram var unnið að undirbúningi við innréttingu húsnæðis á tengigangi sem mun nýtast fyrir kennsluáðstöðu og skrifstofur og þannig skapa aukið rými fyrir klíniska dag- og göngudeildarþjónustu sjúkrahússins.

Tvö ný tölvusneiðmyndataeki voru sett upp á myndgreiningadeild SAK en mikilvægt er að tryggja að tækjabúnaður til sneiðmyndatöku sé ávallt til reiðu. Með tilkomu þessara tækja mun öryggi í myndgreiningarannsóknnum aukast verulega.

Aukin fjárframlög þarf til að standa vörð um starfsemi sjúkrahússins

Árið 2023 var þungt m.t.t. fjárhagsstöðu sjúkrahússins og leit út fyrir að mikill rekstrarhalli myndi fylgja okkur inn í árið 2024. Framkvæmdastjórn, í samvinnu við starfsfólk og stjórnendur, vann ötullega í því að greina starfsemi sjúkrahússins og sýna fram á þörf til frekara fjármagns svo leiðréttá mætti væntanlegan rekstrarhalla og tryggja aukið fjármagn inn í reksturinn. Sú vinna skilaði sér þannig að 200 m.kr. fengust upp í rekstrarhalla auk þess sem fjármagn kom inn tengt umbunarpotti DRG og öðrum verkefnum með þeim áhrifum að rekstrarhallinn endaði í rúmlega 200 m.kr. Í gildi er samningur um þjónustutengda fjármögnun (DRG) og er SAK ætlað að haga starfseminni eftir þeim samningi. DRG gefur okkur gott tækifæri til þess að sýna fram á umfang þeirrar þjónustu sem veitt er á sjúkrahúsinu og fá fjármögnun í samræmi við það.

Hlýhugur og samstaða

Árlega stendur Stjórnarráð Íslands fyrir þjónustukönnun meðal ríkisstofnana og kom SAK heilt yfir mjög vel út og nær að bæta sig í nokkrum flokkum. Ánægjulegast er að 92% aðspurðra eru ánægð með þjónustu SAK og um 95% svarenda telja reynslu af viðmóti vera gott eða mjög gott. Hollvinir sjúkrahússins og aðrir velunnarar koma reglulega færandi hendi með alls kyns tæki og búnað sem gerir okkur enn betur kleift að sinna þeim sem þurfa á þjónustu sjúkrahússins að halda. Ég þakka öllum þeim sem hafa lagt okkur lið, Hollvinum sem og öðrum. Hlýhugurinn og samstaðan er ómetanleg.

Stöndum vörð um starfsemi sjúkrahússins

Það mikla starf sem unnið er á stofnunni hefur styrkt sjúkrahúsið enn frekar í sessi sem mikilvæg heilbrigðisstofnun en halda þarf áfram að standa vörð um starfsemi sjúkrahússins með því að fylgja eftir þróun í hinum ýmsu sérgreinum eins og lög um heilbrigðisþjónustu gera ráð fyrir. Áfram eru áskoranir við að styrkja mönnun svo hægt sé að veita nauðsynlega þjónustu og fylgja eftir þeim markmiðum sem sett eru fram í heilbrigðisstefnu stjórnvalda og lögum um heilbrigðisþjónustu. Við fögnum þeim árangri sem náðst hefur og munum kappkosta við að gera enn betur, með öryggi og vellíðan starfsfólks og sjúklinga að leiðarljósi. Mikilvægt er að horfa björtum augum til framtíðarinnar og hefur Sjúkrahúsið á Akureyri alla burði til að vera áfram framsækin stofnun og í fararbroddi á sínu sviði.

Ég er stolt af því að tilheyra þessum öflugum starfsmannahópi sem hér starfar og þakka stjórnendum og starfsfólki sjúkrahússins samstarfið á árinu.

Hildigunnur Sv.
Hildigunnur Svavarsdóttir



Á árinu voru laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður 10.364,5 m.kr. og var 1.557,7 m.kr. hækkun á milli ára. Alls störfuðu 1.105 einstaklingar við sjúkrahúsið, 104 fleiri en árið áður. Karlar voru 194 (í 95,8 stöðugildum) og konur 911 (í 510 stöðugildum). Setnar stöður voru að meðaltali 606 (raunstöðugildi) og fjölgaði um 24,3 stöður á milli ára. Launakostnaður á hverja stöðu var að meðaltali 171 m.kr. Önnur gjöld, fyrir utan laun og afskriftir, námu 2.876,6 m.kr. Verðmæti gjafa í ársreikningi nam 62,6 m.kr. Tekjur að frádregnu framlagi ríkissjóðs og gjafa námu 1.377,5 m.kr. og er það 144 m.kr. króna hærri fjárhæð en árið 2022. Heildarútgjöld vegna reksturs hækkuðu um 11,5% á milli ára og voru 13.239 m.kr. samanborið við 11.868 m.kr. árið áður. Rekstramiðurstaða ársins var neikvæð um 216,1 m.kr.

Starfsemi

Komum sjúklinga á dagdeildir fjölgaði um rúm 2% milli ára og voru 9.361. Framkvæmdir voru 333 gerviliðaaðgerðir samanborið við 375 árið áður en skýringin á fækkun tengist skertri starfsemi í upphafi árs vegna manneklu. Farin voru 901 sjúkraflug sem er örlítið meira en árið áður þegar þau voru 891. Á milli ára var hlutfall sjúkraflugs með lækni um borð aðeins meira en verið hefur eða 49% á móti 44% meðaltali undanfarin 10 ár. Almennum rannsóknum fækkaði um rúmlega 15% á milli ára sem skýrist helst af færri PCR-COVID-19 prófum en myndgreiningum fjölgaði um 8% milli ára. Skurðaðgerðum fækkaði lítillega milli ára og voru 2.598 aðgerðir framkvæmdar á árinu, að gerviliðaðgerðum meðtöldum. Legudögum fjölgaði um rúmlega

4% og voru 29.492. Dvölum á legudeild fjölgaði lítillega eða um tæp 3% og voru 6.394 á árinu. Í heildina voru sjúklingar 15.755 talsins, þar með taldir þeir sem komu á innritunarmiðstöð og á dagdeildir, og fjölgaði um tæp 3% frá fyrra ári. Meðallegutími var 4,6 dagar og stendur í stað milli ára. Fæðingum fækkaði um rúmlega 6% á milli ára en á árinu fæddu 404 konur 410 börn. Viðtölum lækna á göngudeildum fækkaði um 415 og voru 13.241 á árinu. Þá fækkaði komum í aðra göngudeildarstarfsemi um rúmlega 8% og voru 9.539. Skýrist sú fækkun einna helst af samdrætti í ljósameðferð en hætt var að veita þá þjónustu snemma á árinu.

Framkvæmdir

Fjárveitingar til fjárfestinga nam 738 m.kr., þar af var fjárveiting ársins 232,6 m.kr., en 505,4 m.kr. fluttust milli ára. Auknar fjárheimildir námu 32 m.kr., þar af var 30 m.kr. vegna breytinga á geðdeild.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru nú eignfærðir í efnahagsreikningi og afskrifaðir á áætluðum notkunartíma. Heildarupphæð fjárfestinga sjúkrahússins í varanlegum rekstrarfjármunum nam 955,4 m.kr. Þar af nam fjárfesting vegna áhalda, tækja og búnaðar 550,6 m.kr., fasteigna 392,3 m.kr., annarra eigna 20,9 m.kr. og farartækja og vélum 0,5 m.kr. Til viðbótar framangreindum fjárfestingum var umfang gjafa Hollvina sjúkrahússins og gjafasjóðs 62,6 m.kr. Samtals nam fjárfesting ársins því 1.018 m.kr.



Gjafasjóður og Hollvinir

- Oddfellow stúkan Freyja nr. 15 gaf blóðskilun hjólastólavigt.
- Mömmur og möffins gáfu peningagjöf að upphæð 1.228.000 kr. á fæðingadeild.
- Valdís Brá Þorsteinsdóttir og Ingvar Páll Ingvarsson gáfu peningagjöf að upphæð 100.000 kr. til barnadeildar sem þakklætisvott fyrir þjónustuna þar.
- Lionsklúbbur Akureyrar gaf geðdeild sjúkrahússins hægindastól.
- Skjólstæðingar fæðingadeildar gáfu peningagjöf að upphæð 250.000 kr.
- Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis (KAON) gaf lyflækningadeild verkjádýnur.
- Nafnlaus peningagjöf barst til barnadeildar að upphæð 100.000 kr.
- Round table gaf lyflækningadeild peningagjöf að upphæð 250.000 kr.
- Reb. stúka nr. 2 Auður IOOF gaf Kristnesspítala baðstól.
- Sjöfn, stúka nr. 2, IOOF gaf Kristnesspítala peningagjöf að upphæð 500.000 kr.
- Aðrir styrkir og minningarkort samtals 259.288 kr.

Gjafir á árinu

| Deild | Tæki/verkefni | Upphæð |
|--------------------------|-------------------------------|-------------------|
| Almenn göngudeild | | 213.805 |
| | Vinnustóll | 87.805 |
| | Kaffivél | 126.000 |
| Barnadeild | | 126.000 |
| | Kaffivél | 126.000 |
| Gjörgæsludeild | | 8.368.783 |
| | Hágæslurúm og loftdýna* | 8.368.783 |
| Fæðingadeild | | 13.130.069 |
| | Kaffivél | 130.000 |
| | Android smart sjónvarp | 109.995 |
| | Ómtæki Voluson | 12.890.074 |
| Kristnesspítali | | 1.479.167 |
| | Memaxi upplýsingakerfi | 877.261 |
| | Gálgar á sjúkrarúm | 601.906 |
| Skurðstofa | | 41.392.522 |
| | Brainlab hryggssjá - verkefni | 41.392.522 |
| Samtals: | | 64.710.346 |

*Samþykkt árið 2023, innkaup 2024



Janúar

- SAK fær mjög jákvæðar umsagnir í árlegri gæðaúttekt (DNV-GL).
- Tímabundin skerðing á þjónustu vegna veikinda starfsfólks – valkvæðum aðgerðum frestað.
- Nýtt sjúkrahúsapótek tekið í notkun á SAK.

Febrúar

- Björn Gunnarsson, dósent við Heilbrigðisvísindastofnun HA og yfirlæknir sjúkraflugs við SAK, fékk úthlutað 19 m. kr. í rannsóknarstyrk frá Rannís fyrir rannsóknaverkefni sitt.
- Aukin fjárveiting til BUG teymis SAK næstu þrjú árin.
- Velferðartorg tekið í notkun fyrir starfsfólk SAK.

Mái

- Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra ákvað að fela SAK í samvinnu við HSN að koma á fót þekkingar- og ráðgjafarmiðstöð um ME sjúkdóminn.

Júní

- Stöðva þarf kæfisvefnrannsóknir á SAK tímabundið.
- Ljósameðferð hættir á SAK.
- Hollvinir 10 ára.

Júlí

- Ráðningar tengdar breytingum á stjórnskipulagi.

Ágúst

- Forsetahjónin í opinbera heimsókn á SAK.

September

- Nýtt skipurit SAK tekur gildi.
- Alexander Smáráson, yfirlæknir fæðinga- og kvensjúkdómalækninga SAK og prófessor við heilbrigðisvísindastofnun (HHA), var nýverið kosinn forseti NFOG, samtaka fæðinga- og kvensjúkdómalækna á Norðurlöndunum. Þetta er í fyrsta skiptið sem Íslendingur gegnir þessari stöðu.
- Ný kynningarmyndbönd um störf hjúkrunarfræðinga tengslum við átakið Komdu í lið með okkur! á SAK í loftið.

Október

- Þingmenn NA kjördæmis í heimsókn á SAK.
- Mikil ánægja með þjónustu SAK samkvæmt þjónustukönnun ríkisstofnana.

Nóvember

- SAK sendir inn umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um fasta starfsstöð þyrlu Landhelgisgæslunnar á Akureyri.

- Tvö ný tölvusneiðmyndataeki á myndgreiningadeild SAK.
- Forval fyrir hönnun nýs húsnæðis legudeildar - Gert er ráð fyrir 9.200 fermetra nýbyggingu.

Desember

- Metfjöldi umsókna um sérnámsgrunnstöður hjá SAK.
- Dag- og göngudeild geðþjónustu SAK lokað tímabundið.
- Viðgerðir á hjúkrunarheimilinu Hlíð hafa áhrif á starfsemi SAK.

Málþing og ráðstefnur á vegum SAK:

- Fræðsludagur líknarmiðstöðvar SAK - 27. apríl 2023.
- Málþing um Akureyrarveikina og COVID-19 - 6. maí 2023.
- Vísindadagur SAK og Heilbrigðisvísindastofnunar HA - 20. september 2023.
- Dagur sjúkrahússins á Glerártorgi - 25. nóvember 2023.
- Kynning á störfum iðjubálfa og hjúkrunarfræðinga á SAK í HA - 15. nóvember 2023.
- Fræðsla um vannæringu og skimun á áhættu fyrir vannæringu í Kjarna - 6. febrúar 2023.



Þátttaka í rannsóknum og rannsóknarverkefnum

- **Næringarástand aldraðra í sjálfstæðri búsetu á Akureyri og nágrenni.** Samstarfsaðilar: Háskólinn á Akureyri, Sjúkrahúsið á Akureyri og Heilsuvernd.
- **Prevalence and Trends in Prepregnancy Overweight and Obesity in Northern Iceland 2004-2022.** Samstarfsaðilar: Sjúkrahúsið á Akureyri, Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri.
- **Obstructive Sleep Apnea (OSA): Prevalence among 4-8 Years Old Children in the General Population and Connection with Overweight/Obesity.** Samstarfsaðilar: Sjúkrahúsið á Akureyri, Háskólinn á Akureyri og SleepImage.
- **Obstructive Sleep Apnea in children: Clinical examination, intervention and treatment follow-up.** Samstarfsaðilar: Sjúkrahúsið á Akureyri, Háskólinn á Akureyri og SleepImage.
- **Sleep duration and social jetlag in healthy adolescents. Association with anxiety, depression, and chronotype: a pilot study.** Samstarfsaðilar: Sjúkrahúsið á Akureyri, SleepImage og Menntaskólinn á Akureyri.
- **Fæðuval og notkun bætiefna sem innhalda D-vítamín á meðgöngu og eftir fæðingu.** Samstarfsaðilar: Sjúkrahúsið á Akureyri, Landspítali, Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri.
- **Association between gestational weight gain and increased use of blood glucose- bloodpressure- and lipid-lowering drugs later in life.** Samstarfsaðilar: Sjúkrahúsið á Akureyri, Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri.
- **Fjölskylduhjúkrun á Sjúkrahúsinu á Akureyri - upplifun sjúklínga og fjölskyldna.** Samstarfsaðilar: Sjúkrahúsið á Akureyri og Háskólinn á Akureyri (Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri).
- **Mat á áhættu að fá sykursýki tegund 2: Áhrif af hjúkrunarstýrðri fræðslu innan heilsugæslu, slembuð rannsókn með íhlutun.** Samstarfsaðilar: Sjúkrahúsið á Akureyri, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í vestur Noregi og Kaupmannahafnarháskóli.
- **Blóðsykurfall hjá eldra fólki með sykursýki sem býr heima (Hypoglycaemia in older home-dwelling people with diabetes).** Samstarfsaðilar: Sjúkrahúsið á Akureyri, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í vestur Noregi.
- **Heilsufar og vellíðan eldra fólks á Norðurlandi. Hefur búseta eldra fólks ≥ 65 ára, í þéttbýli eða dreifbýli, áhrif á heilsufar og vellíðan?** Samstarfsaðilar: Sjúkrahúsið á Akureyri, Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands og tveir aðrir háskólar á Norðurlöndum.
- **Áhrif mismunandi fræðsluáðferða á kvíða ungra barna sem undirgangast svæfingu.** Samstarfsaðilar: Sjúkrahúsið á Akureyri, Landspítali, Læknastofur Akureyrar, Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Háskólinn í Turku Finnlandi.
- **Heilsufar grunnskólabarna á Akureyri.** Samstarfsaðilar: Sjúkrahúsið á Akureyri og Háskólinn á Akureyri.

- „*Pau hjálpuðu mér á erfiðasta tímamarki lífs míns*“ *Reynsla þolenda kynferðisofbeldis af þjónustu neyðarmóttöku Sjúkrahússins á Akureyri*. Samstarfsaðilar: Sjúkrahúsið á Akureyri og Háskólinn á Akureyri.
- *Hversu nákvæm eru vaxtarrit til að greina slæma útkomu hjá nýburum á Íslandi*. Samstarfsaðilar: Sjúkrahúsið á Akureyri, Háskóli Íslands, Háskólinn í Uppsölum, Karolinska Institutet og Landspítali.
- *Góð og sanngjörn staðsetning á þylum til sjúkraflutninga á Íslandi fundin út frá útköllum og íbúaþéttitölum*. Samstarfsaðilar: Sjúkrahúsið á Akureyri, Háskólinn á Akureyri og University of Alberta.
- *Stress, burnout and coping amongst nurses working on acute medical wards and in the community: A quantitative study*. Samstarfsaðilar: Háskólinn á Akureyri og Sjúkrahúsið á Akureyri.
- *Health locus of control and psychological and somatization disorder in Icelandic outpatients with cancer: A quantitative study*. Samstarfsaðilar: Háskólinn á Akureyri og Sjúkrahúsið á Akureyri.
- *Íslenska ofvaxtarhjärtavöðvakvilla verkefnið: Rannsókn á arfberum MYBPC3 landnemastökkbreytingarinnar*. Samstarfsaðilar: Landspítali, DeCode genetics, Hypertrophic Cardiomyopathy Center at LHMC, Toronto General Hospital og Sjúkrahúsið á Akureyri.

Birtar greinar 2023

1. *Andradóttir, E. F., Gunnarsdóttir, Þ. J., Konráðsdóttir, E., Benediktsson, R., & Jónsdóttir, H. (2023)*. Reynsla kvenna af því að greinast með meðgöngusykursýki og vitneskja þeirra um mikilvægi eftirfylgdar eftir fæðingu: Eigindleg rannsókn. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 99(3), 58-67.
2. *Andrésdóttir, K., Sigurðardóttir, Á.K., & Jónsdóttir, H.J. (2023)*. Hæfni, þjálfun og viðhorf heilbrigðisstarfsfólks til starfa í hópsslysum og náttúruhamförum samkvæmt viðbragðsáætlun. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 99(3), 68-77.
3. *Arnardóttir, E., Sigurðardóttir, Á.K., Graue, M., Kolltveit B.H., Skinner, T. (2023)* Using HbA1c measurements and the Finnish Diabetes Risk Score to identify undiagnosed individuals and those at risk of diabetes in primary care. *BMC Public Health*. 2023 Jan 31;23(1):211.
4. *Arnardóttir, E., Sigurðardóttir, Á. K., Graue, M., Kolltveit, B. C. H., & Skinner, T. (2023)*. Can waist-to-height ratio and health literacy be used in primary care for prioritizing further assessment of people at T2DM risk? *International Journal of Environmental Research and Public Health*, 20(16), 6606.
5. *Aubonnet, R., Hassan, M., Mheich, A., Di Lorenzo, G., Petersen, H., & Gargiulo, P. (2023)*. Brain network dynamics in the alpha band during a complex postural control task. *Journal of neural engineering*, 20(2).
6. *Burdon, J., Budnik, L. T., Baur, X., Hageman, G., Howard, C. V., Roig, J., Coxon, L., Furlong, C. E., Gee, D., Loraine, T., Terry, A. V., Midavaine, J., Petersen, H., Bron, D., Soskolne, C. L., & Michaelis, S. (2023)*. Health consequences of exposure to aircraft contaminated air and fume events: a narrative review and medical protocol for the investigation of exposed aircrew and passengers. *Environmental Health: A Global Access Science Source*, 22(1), 43.
7. *Gudjonsson, S. O., Felixdottir, A., Fuenzalida, C., Deloyer, J., Gerritsma, B., Mertens, S., & Sempere, J. (2023)*. Multifamily Group Therapy: Impact on Well-Being and Communication within Families. *Social Work Review/Revista de Asistentia Sociala*, (1).
8. *Gunnarsson, B., Björnsdóttir, K.M., Dúason, S., Ingólfsson, Á. (2023)*. Locating helicopter ambulance bases in Iceland: efficient and fair solutions. *Scand J Trauma Resusc Emerg Med*. 2023 Nov 1;31(1):70.
9. *Hrafnkelsdóttir, A.E., Björnsson, H.M., Oskarsson, J.P., Runólfsson, S. (2023)*. Þjálfun landsbyggðarlækna í meðhöndlun slasaðra og bráðveikra. *Læknablaðið*. 2023 Jun;109(6):283-290.
10. *Jacob, D., Guerrini, L., Pescaglia, F., Pierucci, S., Gelormini, C., Minutolo, V., Fratini, A., Di Lorenzo, G., Petersen, H., & Gargiulo, P. (2023)*. Adaptation strategies and neurophysiological response in early-stage Parkinson's disease: BioVRSea approach. *Frontiers in Human Neuroscience*, 17, 1197142.



11. **Keshner, E. A., Mallinson, A. I., Longridge, N. S., Sinno, S., Petersen, H., & Perrin, P. (2023).** Evolution of postural control assessment: From dynamic posturography to virtual reality. *Frontiers in Neurology*, 13, 1054346.
 12. **Kristjansson, G. (2023).** Að valda ekki skaða eða tjóni. Notkun prótonpumpuhemla. *Læknablaðið*. 2023 Jul;109(708):329.
 13. **Óskarsson, J.Þ., Rögnvaldsson, S., Thorsteinsdóttir, S., Aspelund, T., Gunnarsson, S.B., Hákonardóttir, G.K., Sigurðardóttir, G.Á., Þórðardóttir, Á.R., Gíslason, G.K., Ólafsson, A., Sigurðsson, J.K., Eyþórsson, E., Jónsson, Á., Viðarsson, B., Öundurason, P.T., Agnarsson, B.A., Pálmason, R., Sigurðardóttir, M., Þorsteinsdóttir, I., Ólafsson, Í., Harding, S., Flores-Montero, J., Orfao, A., Durie, B.G.M., Love, T.J., Kristinsson, S.Y. (2023)** Determining hemodilution in diagnostic bone marrow aspirated samples in plasma cell disorders by next-generation flow cytometry: Proposal for a bone marrow quality index. *Blood Cancer Journal*. 2023 Dec 1;13(1):177.
 14. **Svavarsdóttir, E. K., Flygenring, B. G., Bernharðsdóttir, J., Thorsteinsson, H. S., Svavarsdóttir, M. H., Kristófersson, G. K., & Sveinsdóttir, H. (2023).** Educational and personal burnout and burnout regarding collaborating with fellow university nursing students during COVID-19 in 2020-2021. *Scandinavian Journal of Caring Sciences*, 37(4), 1016-1027.
 15. **Svavarsdóttir, M. H., Kristófersson, G. K., Svavarsdóttir, E. K., Sveinsdóttir, H., Thorsteinsson, H. S., Bernharðsdóttir, J., & Flygenring, B. G. (2023).** Áhrif COVID-19 faraldursins á líðan hjúkrunar- og ljósmóðurfæðinemenda og viðhorf þeirra til námsumhverfis í samkomutakmörkunum: eigindleg rannsókn. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 99(2), 58-67.
 16. **Thorsteinsdóttir, S., Gíslason, G. K., Aspelund, T., Rögnvaldsson, S., Óskarsson, J. Þ., Sigurðardóttir, G. Á., Þórðardóttir, Á. R., Viðarsson, B., Öundurason, P. T., Agnarsson, B. A., Sigurðardóttir, M., Þorsteinsdóttir, I., Ólafsson, Í., Eyþórsson, E., Jónsson, Á., Berlanga, O., Hultcrantz, M., Durie, B. G. M., Löve, T. J., Harding, S., ... Kristinsson, S. Y. (2023).** Prevalence of smoldering multiple myeloma based on nationwide screening. *Nature medicine*, 29(2), 467-472.
-

Fjöldi sjúklinga og dvalardaga, samanburður milli ára

| | Fjöldi þjónusturýma | Dvalardagar | | | | Sjúklingar (dvalir) | | | |
|------------------------------|---------------------|---------------|---------------|--------------|----------|---------------------|--------------|------------|----------|
| | | 2023 | 2022 | Mism. | % | 2023 | 2022 | Mism. | % |
| Skurðlækningadeild | 20 | 7.022 | 6.590 | 432 | 7 | 1.994 | 1.880 | 114 | 6 |
| Fæðingadeild | 8 | 1.828 | 1.866 | -38 | -2 | 996 | 1.037 | -41 | -4 |
| þar af nýburar | | 630 | 659 | -29 | -4 | 425 | 455 | -30 | -7 |
| Gjörgæsludeild | 5 | 1.147 | 1.010 | 137 | 14 | 429 | 396 | 33 | 8 |
| Lyflækningadeild | 20 | 7.593 | 7.490 | 103 | 1 | 1.794 | 1.758 | 36 | 2 |
| Kristnesspítali | 28 | 7.479 | 6.888 | 591 | 9 | 295 | 266 | 29 | 11 |
| Barnadeild | 8 | 1.091 | 1.067 | 24 | 2 | 555 | 584 | -29 | -5 |
| þar af nýburastofa | 2 | 261 | 181 | 80 | 44 | 67 | 59 | 8 | 14 |
| Geðdeild | 10 | 3.332 | 3.145 | 187 | 6 | 331 | 308 | 23 | 7 |
| Legudeildir | 99 | 29.492 | 28.056 | 1.436 | 5 | 6.394 | 6.229 | 165 | 3 |
| Innritunarmiðstöð | | 714 | 706 | 8 | 1 | | | | |
| Almenn göngudeild * | 15 | 4.766 | 4.308 | 458 | 11 | | | | |
| Kristnesspítali | 4 | 11 | 11 | 0 | 0 | | | | |
| Barnadeild dagdeild | 2 | 169 | 156 | 13 | 8 | | | | |
| Geðdeild, dagþj. á legudeild | 5 | 541 | 546 | -5 | -1 | | | | |
| Geðdeild, dagþj. Seli | | 2.154 | 2.306 | -152 | -7 | | | | |
| Blóðskilun | 3 | 1.006 | 1.074 | -68 | -6 | | | | |
| Dagdeildir | 34 | 9.361 | 9.107 | 254 | 3 | | | | |
| Samtals | 133 | 38.853 | 37.163 | 1.690 | 5 | | | | |

* Sjúkrarúm og meðferðarstólar



Kyn og meðalfjöldi dvalardaga (útskriftir)

| Legudeild: | Dvalir | | | Meðalfjöldi dvalardaga | | |
|--------------------|--------------|--------------|--------------|------------------------|------------|------------|
| | kvk | kk | Samtals | kvk | kk | Samtals |
| Skurðlækningadeild | 1.096 | 898 | 1.994 | 3,3 | 3,8 | 3,5 |
| Fæðingadeild | 772 | 224 | 996 | 1,9 | 1,6 | 1,8 |
| Gjörgæsludeild | 225 | 204 | 429 | 2,8 | 2,6 | 2,6 |
| Lyflækningadeild | 898 | 896 | 1.794 | 4,4 | 4,1 | 4,4 |
| Kristnesspítali | 188 | 107 | 295 | 24,0 | 27,7 | 25,9 |
| Barnadeild | 307 | 248 | 555 | 1,8 | 2,2 | 1,8 |
| Geðdeild | 167 | 164 | 331 | 11,5 | 8,6 | 10,2 |
| | 3.653 | 2.741 | 6.394 | 4,5 | 4,6 | 4,6 |

Yfirlit yfir starfsemi



| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|--|------------|------------|------------|------------|------------|
| Sjúklingar (dvalir), legudeildir | 6.069 | 5.183 | 6.330 | 6.229 | 6.394 |
| <i>þar af nýburar</i> | 434 | 423 | 482 | 455 | 425 |
| „ dagdeildir | 6.041 | 5.353 | 6.680 | 8.401 | 8.647 |
| „ innritunarmiðstöð | 798 | 611 | 588 | 706 | 714 |
| Legudagar (fjöldi) legudeildir | 29.029 | 25.473 | 28.384 | 28.056 | 29.492 |
| Meðallegutími (dagar á legud.) | 4,8 | 4,9 | 4,5 | 4,6 | 4,6 |
| Skurðaðgerðir | 3.516 | 2.845 | 3.181 | 2.640 | 2.598 |
| <i>þar af gerviliðaaðgerðir</i> | 457 | 331 | 473 | 375 | 333 |
| Fæðingar | 403 | 392 | 488 | 429 | 404 |
| Slysadeildakomur | 16.129 | 13.450 | 16.019 | 16.558 | 17.884 |
| Almennar rannsóknir | 284.183 | 263.465 | 315.554 | 333.157 | 282.249 |
| Myndgreiningar | 30.465 | 25.342 | 31.274 | 31.085 | 33.589 |
| Sjúkraflug | 766 | 619 | 807 | 891 | 901 |
| Ómskoðanir á hjarta | 1.531 | 1.462 | 1.407 | 1.419 | 1.347 |
| Hjartarit | 3.395 | 3.007 | 3.297 | 3.186 | 3.290 |
| Heilalínurit | 87 | 109 | 121 | 141 | 129 |
| Áreynslurit | 659 | 596 | 556 | 482 | 419 |
| Öndunarmælingar | 157 | 144 | 194 | 237 | 138 |
| Holter rit | 692 | 818 | 963 | 933 | 1.036 |
| Speglanir | 1.315 | 1.170 | 1.318 | 1.228 | 1.218 |
| Setnar stöður (með afleysingum) | 518,3 | 517,3 | 561,6 | 581,7 | 606,1 |
| Rekstrargj. á verðl. hvers árs (þús. kr) | 9.168.257 | 9.948.200 | 11.386.758 | 12.082.487 | 13.480.455 |
| Rekstrargj. á föstu verðlagi (þús. kr) * | 11.960.065 | 12.682.684 | 13.128.021 | 13.041.831 | 13.480.455 |

* Staðvirt á verðlag 2024

Göngudeildarkomur lækna



| Viðtöl | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|--------------------------------|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| Barnalækningar | 943 | 902 | 976 | 1.051 | 1.169 |
| Barna- og unglíngageðlækningar | 118 | 25 | 73 | - | - |
| Bæklunarskurðlækningar | 2.418 | 1.917 | 2.635 | 2.574 | 2.293 |
| Geðlækningar | 1.027 | 654 | 715 | 840 | 1.080 |
| Háls-, nef- og eyrnalækningar | 69 | 66 | 44 | - | - |
| Kvensjúkdómalækningar | 2.045 | 2.120 | 2.237 | 2.408 | 2.410 |
| Lyflækningar | 5.892 | 4.896 | 5.529 | 5.568 | 5.259 |
| Skurðlækningar | 1.068 | 877 | 1.087 | 973 | 842 |
| Svæfingalækningar | 96 | 70 | 67 | 61 | 43 |
| Öldrunarlækningar | 308 | 279 | 303 | 181 | 145 |
| Samtals: | 13.984 | 11.806 | 13.666 | 13.656 | 13.241 |

Önnur göngudeildarþjónusta, komur

| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|--------------|---------------|---------------|---------------|--------------|
| Almenn göngudeild | | | | | |
| Móttaka næringarráðgjafa | 181 | 127 | 182 | 121 | 205 |
| Móttaka hjúkrunarfræðinga | 1.961 | 1.871 | 1.975 | 2.001 | 1.967 |
| Móttaka talmeinafræðings | 8 | 9 | 10 | 11 | 8 |
| Ljósamerðing | 1.926 | 1.482 | 1.824 | 690 | 46 |
| Heimahlýning* | 488 | 2.935 | 2.220 | 2.152 | 2.283 |
| Barnadeild | | | | | |
| Móttaka hjúkrunarfræðinga | 20 | 19 | 47 | 41 | 43 |
| Barna- og unglíngageðlækningar | 396 | 573 | 561 | 649 | 672 |
| Fæðingadeild | | | | | |
| Móttaka félagsráðgjafa | 134 | 22 | 22 | 43 | 68 |
| Móttaka ljósmæðra | 1.838 | 1.881 | 2.108 | 2.066 | 1.914 |
| Göngudeild geðdeildar | | | | | |
| Móttaka félagsráðgj., hj.fr., iðjuþj. og sálfr. | 2.608 | 2.162 | 2.721 | 2.586 | 2.258 |
| Lyflækningadeild | | | | | |
| Hjarta- og lungnamóttaka hjúkrunarfræðinga | 78 | 77 | 59 | 60 | 75 |
| Samtals | 9.638 | 11.158 | 11.729 | 10.420 | 9.539 |

* Vitjanir frá 1. nóvember 2019


15.755
Þjónustubegar

33.589
Myndgreininga-
rannsóknir

2.273
Krabbameins-
lyfjablandanir

6.394
Dvalir

Breytingar á starfsemi SAK 2019 - 2023 í vísitölu




Gæðavísar


| MEGINÁHERSLUR | Mælikvarðar | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 | Markmið 2023 |
|----------------------------------|--|------|-------|-----------|-------|--------------|
| Árangursmiðuð þjónusta | Biðtími sjúklinga eftir gerviliðaaðgerð (dagar frá ákvörðun um meðferð) | 150 | 124 | 195 | 185 | <90 |
| | Biðtími sjúklinga eftir magaspeglun (dagar frá ákvörðun um meðferð) | | | | | |
| | <i>Forgangur A</i> | <14 | 19 | <14 | <14 | <14 |
| | <i>Forgangur B</i> | <28 | 50 | 80 | 50 | <28 |
| | <i>Forgangur C</i> | <90 | 75 | 175 | 180 | <90 |
| | Biðtími sjúklinga eftir ristilspeglun (dagar frá ákvörðun um meðferð) | | | | | |
| | <i>Forgangur A</i> | <14 | 19 | <14 | <14 | <14 |
| | <i>Forgangur B</i> | <28 | 90 | 91 | 60 | <28 |
| | <i>Forgangur C</i> | <90 | 120 | 196 | 140 | <90 |
| | Biðtími sjúklinga eftir viðtali og skoðun hjá bæklunarskurðlækni (dagar) | 129 | 166 | 115 | 174 | <30 |
| | Biðtími sjúklinga eftir viðtali við geðlækni (dagar) | 25 | 25 | 25 | 30 | <30 |
| | Biðtími sjúklinga eftir að komast að á göngudeild geðdeildar (dagar) | - | - | 185 | >365 | |
| Ánægja sjúklinga (skali 1-10) | 9,5 | 9,2 | 8,9 | ekki mælt | >9 | |
| Framúrskarandi gæði og öryggi | Bráðar endurinnlagnir innan 30 daga frá útskrift | 9,2% | 8,8% | 10,7% | 12,2% | <7,5% |
| | Spítalasykingar | 4,3% | 3,8% | 4,4% | 6,1% | <5% |
| | Byltur með afleiðingum fyrir sjúkling (pr. 1.000 legudaga) | 0,71 | 0,46 | 0,60 | 0,64 | <0,50 |
| | Fjarvera starfsmanna vegna vinnuslysa (ársverk) | 0,10 | 0,01 | 0,20 | 0,10 | <1 |
| Hámarks skilvirkni | Meðallegutími bráðadeilda (dagar) | 4 | 3,7 | 3,6 | 4,7 | <3,5 |
| | Biðtími eftir þjónustu lækni á BMT (mín) | 42 | 38 | 42 | 43 | <40 |
| | Rekstrarafkoma m.v. fjárlög (frávik) | 0,2% | -1,5% | 4,6% | -1,8% | 0% |
| Markviss kennsla og vísindastarf | Ánægja nema (skali 1-5) | 4,75 | 4,70 | 4,82 | 4,56 | >4,5 |
| | Fjöldi birtra vísindagreina | 23 | 26 | 26 | 16 | 15 |
| Öflugir starfsmenn | Ánægja starfsmanna (skali 1-5) | - | 4,05 | 3,65 | 3,88 | >4,3 |
| | Veikindahlutfall | 6,7% | 6,4% | 7,4% | 9,1% | <5% |
| | Starfsmannavelta | 7,0% | 5,6% | 7,8% | 9,4% | <10% |
| | Námsleyfisstundir lækna pr. stöðugildi | - | 25,0 | 26,2 | 24,6 | |
| Rík samfélagsábyrgð | Traust samfélagsins til SAK | 90% | 88% | 85% | | >85% |
| | Staða í grænum skrefum | 1 | 2 | 2 | 2 | 4 |

Setnar stöður niður á deildir/svið

| Samanburður milli ára (afleysingar meðtaldar) | 2023 | 2022 | Breyting |
|---|-------------|-------------|------------|
| Menntun og vísindi | 29,7 | 27,7 | 2,0 |
| Gæðadeild | 0,8 | 0,2 | 0,7 |
| Sjúkraflutningaskólinn | 1,9 | 1,2 | 0,7 |
| Sýkingavarnir | 0,9 | 1,0 | 0,0 |
| Öryggisstjóri | 1,0 | 1,0 | 0,0 |
| Svið faglegrar þróunar | 34,4 | 31,0 | 3,4 |
| Almenn göngudeild | 17,1 | 15,5 | 1,6 |
| Barnadeild | 14,4 | 14,6 | -0,1 |
| Barnalækningar | 3,6 | 6,0 | -2,5 |
| Bráðalækningar | 3,8 | 3,6 | 0,2 |
| Bráðamóttaka | 28,6 | 28,3 | 0,3 |
| Bæklunarskurðlækningar | 4,7 | 5,1 | -0,4 |
| Endurhæfinga- og öldrunarlækningar | 27,0 | 27,6 | -0,6 |
| Fæðinga- og kvensjúkdómalækningar | 6,6 | 6,4 | 0,3 |
| Fæðingadeild | 19,4 | 19,7 | -0,3 |
| Geðdeild | 26,4 | 25,1 | 1,3 |
| Geðlækningar | 15,9 | 13,3 | 2,6 |
| Gjörgæsludeild | 33,7 | 31,6 | 2,1 |
| Heimahlýning | 5,7 | 5,3 | 0,4 |
| Kristnesspítali | 30,5 | 27,7 | 2,8 |
| Lyflækningadeild | 45,9 | 46,2 | -0,3 |
| Lyflækningar | 10,3 | 9,4 | 0,9 |
| Skurðlækningadeild | 45,0 | 43,3 | 1,7 |
| Skurðlækningar | 8,9 | 8,5 | 0,4 |
| Skurðstofa og sóttþreinsun | 22,3 | 22,1 | 0,2 |
| Svæfinga- og gjörgæslulækningar | 7,1 | 6,3 | 0,8 |
| Svæfingadeild | 6,9 | 6,7 | 0,2 |

| | | | |
|--|--------------|--------------|-------------|
| Svið klínískrar þjónustu | 383,6 | 372,2 | 11,4 |
| Eldhús | 21,7 | 21,0 | 0,6 |
| Miðstöð heilbrigðisgagnafræðinga | 24,7 | 24,1 | 0,6 |
| Myndgreiningadeild | 17,2 | 16,3 | 0,9 |
| Myndgreiningalækningar | 5,1 | 5,1 | 0,0 |
| Rannsóknadeild | 23,4 | 23,5 | 0,0 |
| Rekstrardeild | 21,2 | 19,2 | 2,0 |
| Ræstimiðstöð | 33,8 | 30,5 | 3,4 |
| Sjúkrahúsapótek | 7,3 | 5,0 | 2,3 |
| Upplýsingatæknideild | 9,4 | 9,7 | -0,2 |
| Svið rekstrar- og klínískrar stoðþjónustu | 163,8 | 154,3 | 9,5 |
| Skrifstofa forstjóra | 1,6 | 2,8 | -1,2 |
| Starfsmannþjónusta | 7,6 | 6,9 | 0,6 |
| Mannauðssvið | 9,2 | 9,7 | -0,6 |
| Skrifstofa fjármála | 9,3 | 8,6 | 0,7 |
| Fjármál og greiningar | 9,3 | 8,6 | 0,7 |
| Framkvæmdastjórn | 5,8 | 5,9 | 0,0 |
| Samtals | 606,1 | 581,7 | 24,5 |





Eftirfarandi einingar/starfsfólk tilheyrir framkvæmdastjórum hjúkrunar og lækningum á sviði faglegrar framþróunar:

Öryggisstjóri, gæðastjóri, sýkingavarnarstjóri, mennta- og vísindadeild, námslæknar og sjúkraflutningaskólinn

Undir svið klínískrar þjónustu verða eftirfarandi starfseiningar:

- Deildarstjóri almennu göngudeildarinnar
- Deildarstjóri barnadeildar og yfirlæknir barnalækninga
- Deildarstjóri bráðamóttöku og yfirlæknir bráðalækninga
- Deildarstjóri geðdeildar og yfirlæknir geðlækninga
- Deildarstjóri lyflækningadeildar og yfirlæknir lyflækninga
- Deildarstjóri skurðlækningadeildar, yfirlæknir skurðlækninga og yfirlæknir bæklunarskurðlækninga
- Deildarstjóri fæðingadeildar, yfirlæknir fæðinga- og kvensjúkdómalækninga
- Deildarstjóri Kristnesspítala og yfirlæknir endurhæfinga- og öldrunarlækninga
- Deildarstjóri skurðstofa
- Deildarstjóri svæfingadeildar
- Deildarstjóri gjörgæsludeildar og yfirlæknir svæfinga- og gjörgæslulækninga

Undir svið rekstrar og klínískrar stoðþjónustu verða eftirfarandi starfseiningar:

- Deildarstjóri eldhúss
- Deildarstjóri heilbrigðisgagnafræðinga
- Deildarstjóri lyfjaþjónustu
- Deildarstjóri myndgreiningadeildar og yfirlæknir myndgreiningalækninga
- Deildarstjóri rannsóknadeildar og yfirlæknir rannsóknalækninga
- Deildarstjóri rekstrardeildar (tæknideild, lager, húsumsjón)
- Deildarstjóri ræstimiðstöðvar
- Deildarstjóri upplýsingatæknideildar

Undir mannauðssviði verða eftirfarandi starfseiningar/starfsfólk:

- Mannauðsdeild (mannauðsmál og launavinnsla)
- Ritari framkvæmdastjórnar
- Samskiptafulltrúi
- Sjúkrahúsprestur

Yfirlit yfir afkomu ársins 2023

| | Skýr | 2023 | 2022 |
|--|-----------------------|----------------------|----------------|
| Tekjur | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 2 | 11.645.707.825 | 11.149.415.536 |
| Seld þjónusta | 3 | 1.317.358.179 | 1.173.731.015 |
| Vörusala | 4 | 7.051.544 | 9.678.683 |
| Framlög og ýmsar tekjur | 5 | 49.953.433 | 50.141.371 |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður | | 3.150.513 | 2.762.622 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 2 | 242.312.462 | 214.691.123 |
| | | <hr/> | <hr/> |
| | Tekjur samtals | 13.265.533.956 | 12.600.420.350 |
| Gjöld | | | |
| Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður | 6 | 10.364.469.864 | 9.208.773.055 |
| Annar rekstrarkostnaður | 7 | 2.873.672.756 | 2.659.022.431 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | 8 | 1.203.679 | 1.480.212 |
| Afskriftir og niðurfærslur | 9 | 242.312.462 | 214.691.123 |
| | | <hr/> | <hr/> |
| | Gjöld samtals | 13.481.658.761 | 12.083.966.821 |
| | Afkoma ársins | (216.124.805) | 516.453.529 |

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

| | Skýr | 31.12.2023 |
|--|------------------------------------|----------------------|
| Eignir | | |
| Handbært fé | 10 | 39.849.128 |
| Viðskiptakröfur | | 88.795.122 |
| Tengdir aðilar..... | 11 | 1.232.699.577 |
| Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður..... | 12 | 10.322.938 |
| Birgðir..... | 13 | 85.333.519 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir..... | 14 | 2.312.307.067 |
| Óefnislegar eignir | 15 | 706.568 |
| | | <hr/> |
| | Eignir samtals | 3.770.013.919 |
| | | <hr/> <hr/> |
| Skuldir | | |
| Tengdir aðilar..... | 11 | 37.441.665 |
| Viðskiptaskuldir | | 151.425.230 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 16 | 1.416.089.888 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda..... | 17 | 2.293.816.811 |
| | | <hr/> |
| | Skuldir samtals | 3.898.773.594 |
| | | <hr/> |
| Eigið fé | | |
| Hrein eign..... | 18 | (128.759.675) |
| | | <hr/> |
| | Eigið fé samtals | (128.759.675) |
| | | <hr/> |
| | Eigið fé og skuldir samtals | 3.770.013.919 |
| | | <hr/> <hr/> |
| Aðrar upplýsingar | 19 | |

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

| | Skýr | 2023 | 2022 |
|--|------|--------------------------------|---------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | (216.124.805) | 516.453.529 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi | | | |
| Afskriftir | 9 | 242.312.462 | 214.691.123 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | | (242.312.462) | (214.691.123) |
| | | (216.124.805) | 516.453.529 |
| Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur | | 109.384.610 | (59.038.170) |
| Tengdir aðilar | | 154.461.158 | (596.744.499) |
| Birgðir | | (10.342.086) | 359.864 |
| Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | (14.768.956) | 144.195.096 |
| | | 238.734.726 | (511.227.709) |
| | | 22.609.921 | 5.225.820 |
| | | Handbært fé frá rekstri | |
| | | 22.609.921 | 5.225.820 |
| Fjárfestingahreyfingar | | | |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 14 | (955.459.208) | (349.352.106) |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu | | 135.563.693 | (232.085.470) |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna | | 45.000 | 0 |
| | | (819.850.515) | (581.437.576) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | |
| Tengdir aðilar | | 522.872.682 | 225.520.230 |
| Fjárfestingarframlag | | 232.600.000 | 289.600.000 |
| Fjárfestingarframlag | | 62.608.583 | 66.317.346 |
| | | 818.081.265 | 581.437.576 |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | | | |
| Handbært fé í byrjun árs | | 20.840.671 | 5.225.820 |
| | | 19.008.457 | 13.782.637 |
| | | 39.849.128 | 19.008.457 |
| | | Handbært fé í árslok | |
| | | 39.849.128 | 19.008.457 |



Skrifstofa fjármála

| Lykilmælikvarðar | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|--------------------------------|--------|--------|--------|--------|--------|
| Stöðugildi | 8,5 | 8,8 | 9,1 | 8,6 | 9,3 |
| Bókaðir og greiddir reikningar | 18.746 | 18.297 | 20.197 | 20.159 | 21.620 |
| Reikningar sendir í innheimtu | 3.641 | 2.576 | 2.942 | 2.037 | 2.962 |
| Fjöldi símtala á skiptiborði | 35.600 | 58.168 | 56.503 | 56.200 | 55.900 |

Hlutverk

Skrifstofa fjármála annast bókhald, áætlanagerð, kostnaðargreiningu, innheimtu, upplýsingagjöf og önnur verkefni.

Starfsfólk


Deildarstjóri er Rannveig Jóhannsdóttir.

Helstu áskoranir / verkefni á árinu

Hallarekstur, fjárstreymi og breytt stjórn-skipurit.

Breytingar / nýjungar á árinu

Ný staða í greiningum, breyting í stjórn-skipuriti og ný staða fjármálastjóra.



Gæðastjóri

| Lykilmælikvarðar | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|-------------------------------|------|------|------|------|------|
| Stöðugildi | 1,0 | 1,4 | 1,5 | 0,2 | 0,8 |
| Mat á áhættu fyrir vannæringu | 61% | 66% | 62% | 51% | 47% |
| Mat á áhættu þrýstingssára | 67% | 69% | 65% | 53% | 44% |
| Mat á byltuhættu | 69% | 71% | 65% | 52% | 46% |
| Verkir | 42% | 45% | 53% | 53% | 54% |

Hlutverk

Gæða- og upplýsingaöryggisstjóri ber ábyrgð gagnvart framkvæmdastjórn á gæðavottunum SAK og að starfað sé samkvæmt samþykktri upplýsingaöryggisstefnu og gæðastefnu. Vottanirnar eru eftirfarandi:

- DNV HealthCare (sjúkrahússtaðall)
- ISO9001 (stjórnunarstaðall)
- ISO27001 (upplýsingaöryggisstaðall)
- ÍST85 (jafnlaunavottun)

Að auki þá ber gæða- og upplýsingaöryggisstjóri ábyrgð á viðhaldi og rekstri verkefnastjórnunarkerfis og hefur yfirsýn yfir verkefni sem í gangi eru á sjúkrahúsinu.

Starfsfólk

Hannes Bjarnason er gæða- og upplýsingaöryggisstjóri og Birgitta Hafsteinsdóttir, aðstoðamaður gæðastjóra og verkefnastjóri.

Helstu áskoranir / verkefni á árinu

Gerðar voru breytingar á starfi gæðastjóra og því breytt í starf gæða- og upplýsingaöryggisstjóra. Um er að ræða töluverðar breytingar á stöðunni sem nú er umfangsmeiri. Þá er gæða- og upplýsingaöryggisstjóri orðin ábyrgur fyrir öllum stærri vottunum. Samhliða þessu hefur verið unnið við að endurskoða heildarskipulag gæðamála og er þeirri vinnu ekki lokið ennþá.



Mennta- og vísindadeild

| Lykilmælikvarðar | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|--------------------------------|------|------|------|------|------|
| Stöðugildi | 27,2 | 25,1 | 27,7 | 27,7 | 29,7 |
| Fjöldi nema á viku á ársgrunni | 14,0 | 12,0 | 14,5 | 14,3 | 15,7 |
| Námsvikur sérnámsgrunnlækna | 466 | 466 | 528 | 402 | 570 |
| Námsvikur sérnámslækna | 553 | 468 | 641 | 446 | 474 |
| Fjöldi námskeiða | 15 | 13 | 23 | 27 | 37 |
| Fjöld þátttakenda í námskeiðum | 144 | 118 | 202 | 233 | 369 |

Hlutverk

Meginhlutverk mennta og vísindadeildar (MVD) er að skipuleggja starfsnám nema, sjá um klíniska þjálfun starfsfólks og nemenda og efla vísindastarf þvert á allar deildir sjúkrahússins. Hlutverk deildarinnar er enn fremur að gera aðstöðu til menntunar og vísindastarfsemi ákjósanlega við sjúkrahúsið.

Starfsfólk

Stöðugildi unglækna eru nú 25, 13 sérnámsgrunnstöður og 12 stöður deildar- eða sérnámslækna. Samþykkt stöðugildi á deildinni voru 4,65 í upphafi ársins en 5,35 í lok ársins (verkefnastjóri fræðslumála ráðinn um haustið). Laufey Hrólfsdóttir er deildarstjóri.

Helstu áskoranir/verkefni á árinu

- Unnið að nýrri vísindastefnu.
- Unnið að betra samstarfi við bókasafn HA og Heilbrigðisvísindabókasafn LSH og HÍ, sérstök áhersla á samstarf varðandi séráskriftir.

- Unnið að fræðsluáætlun en utanumhald um fræðslumálin færðist alfarið til deildarinnar á haustmánuðum.
- Stærri nemahópar í hjúkunarfræði og læknisfræði, unnið að því að fjölga nemaplássum og lengja tímabilin.
- Samstarfssamningur LSH og SAK sérnám í læknisfræði uppfærður.

Breytingar/nýjungar á árinu

- Samstarfsnefnd HÍ og SAK fundaði reglulega á árinu og ræddi samstarf í kennslu, rannsóknnum og þjálfun í heilbrigðisvísindagreinum.
- Unnið að breyttu skipulagi unglæknamála.
- Á haustmánuðum tók MVD við fræðslumálum sem áður voru hjá starfsmannaþjónustu, námskeiðum fyrir starfsfólk sem sinnir ekki klínískri starfsemi fjölgaði því mikið á árinu. Seint á árinu hófst einnig hermikennsla fyrir erlent starfsfólk til stuðnings íslenskukennslu þeirra.

Nám

Á árinu voru 816 skráðar nemavikur vegna grunnnáms í heilbrigðisgreinum, sem samsvarar að meðaltali um 15,7 nemum á viku á ársgrundvelli. Fjölgun hefur orðið á komu hjúkrunar- og læknanema á SAK, hlutfallið milli íslenskra og erlendra læknanema er 59% miðað við 41% þetta árið.

Deildin sendir öllum nemum sem koma í klínískt nám rafræna könnun eftir hvert námstímabil. Nemendur nefna í könnuninni kennara og deild sem skarað hefur fram úr varðandi klíníska kennslu. Þetta árið fengu Ragna Sigurlín Jónasdóttir hjúkrunarfræðingur á lyflækningadeild og Helgi Þór Leifsson sérfræðingur í skurðlækningum viðurkenningu fyrir framúrskarandi kennslu hjúkrunarfræði- og læknanema, Friðbjörn Sigurðsson sérfræðingur í krabbameinslækningum fékk viðurkenningu fyrir kennslu sérnámsgrunns- og sérnámslækna.

Kennsla/fræðsla

Haustið 2023 varð SAK sjálfbært í leiðbeinendateymi á námskeiðum í sérhæftri endurlífgun nýbura. Fjölgun hefur orðið á þátttöku starfsfólks í þverfaglegri hermikennslu sem er jákvætt þar sem nokkur fækkun var á þátttöku á námskeiðunum 2022 sem rekja mátti til manneflu meðal hjúkrunarfræðinga. Boðið er upp á átta gerðir endurlífgunarnámskeiða, allt frá grunnendurlífgun til sérhæfðrar endurlífgunar nýbura, barna og fullorðinna. Öllu starfsfólki SAK stendur því til boða endurlífgunarnámskeið við þeirra hæfi, en endurlífgunarráð gefur út tilmæli hvaða námskeið henta hverjum og einum starfsmanni. MVD stóð einnig fyrir námskeiði í móttöku mikið slasaðra (BEST), haldið

var gips námskeið í samvinnu við skurðlækningadeild og bráðamóttöku auk námskeiða í klínískri færni starfsfólks. Auk þess standa leiðbeinendateymi MVD fyrir reglulegum tilfellaæfingum á bráðamóttöku og útkallsæfingum.

Vísindastarf

Deildinni er ætlað að vinna að framgangi vísinda og rannsóknna innan sjúkrahússins með því að skapa svigrúm og frjótt umhverfi vísinda- og þróunarstarfa. Í lok ársins var hafin vinna við að uppfæra vísindastefnu SAK, deildarstjóri MVD heldur utan um þá vinnu í samráði við vísindaráð SAK. Undirbúningsvinna var hafin til að efla aðgang starfsfólks SAK að séráskriftum, öflugra samstarf við bókasafn HA og Heilbrigðisvísindabókasafn LSH og HÍ er lykilskref í þeirri vinnu.

Fjórir starfsmenn voru í námsstöðum á deildinni á vorönn og fjórir á haustönn (15-20% stöður). Þessar námstöður eru auglýstar tvisvar á ári og eru ætlaðar nemum sem sinna vísindarannsóknnum. Á þessu ári var í fyrsta skipti doktorsnemi í námsstöðu.

Mörg rannsóknarverkefni eru í gangi á deildinni en mikil vinna fór í að skipuleggja rannsóknina „Sleep Health in Pediatric Care“. Verkefnið er unnið í samstarfi við fyrirtækið SleepImage. Sömu leiðis var unnið að verkefni á fæðinga-deildinni sem ber heitið „Þróun líkamsþyngdar barnshafandi kvenna við upphaf meðgöngu á Norðurlandi 2004-2022“. Önnur rannsóknarverkefni eru unnin í samstarfi við HA, HÍ og erlenda háskóla. Frekari upplýsingar um rannsóknir og birtingar á árinu má finna undir yfirliti um Vísindastarf á SAK.

Sjúkraflutningaskóli

| Lykilmælikvarðar | 2019 | | 2020 | | 2021 | | 2022 | | 2023 | |
|---------------------------|------------|--------------|------------|--------------|------------|--------------|------------|--------------|------------|--------------|
| | Námskeið | Þátttakendur | Námskeið | Þátttakendur | Námskeið | Þátttakendur | Námskeið | Þátttakendur | Námskeið | Þátttakendur |
| Endurmenntunarnámskeið | 29 | 284 | 5 | 37 | 15 | 176 | 20 | 201 | 23 | 253 |
| Vettvangshjálþ, námskeið | 8 | 60 | 4 | 38 | 13 | 130 | 10 | 98 | 10 | 95 |
| EMT-Kjarnanámskeið | 7 | 65 | 6 | 63 | 8 | 101 | 11 | 112 | 9 | 96 |
| Framhaldsnámskeið EMT - A | 18 | 158 | 12 | 100 | 18 | 153 | 19 | 145 | 19 | 157 |
| Samtals | 62 | 567 | 27 | 238 | 54 | 560 | 60 | 556 | 61 | 601 |
| Stöðugildi | 1,0 | | 1,0 | | 1,2 | | 1,2 | | 1,9 | |

Hlutverk

Hlutverk Sjúkraflutningaskólans er að veita menntun á sviði sjúkraflutninga og bráðaðþjónustu utan sjúkrahúsa.

Starfsfólk

- Tveir starfsmenn starfa við skólann í fullu starfi.
- Skólastjóri er Ingimar Eydal.
- Verkefnisstjóri frá febrúar til ágúst var Valur Halldórsson en Sigurjón Valmundarson frá september.
- Auk þeirra starfa við skólann leiðbeinendur og umsjónarmenn námskeiða sem verktakar sem eru m.a. sjúkraflutningamenn, bráðatæknar, hjúkrunarfræðingar, ljósmæður og læknar.

Helstu áskoranir / verkefni á árinu

Helstu áskoranir voru í endurnýjun námsefnis en það hefur tafist að hefja endurnýjun þess eftir gagngera endurnýjun á árunum 2015-2018. Ráðinn var verkefnisstjóri í fullt starf sem hefur yfirumsjón með faglegum rekstri, s.s. námsefnisgerð, samskiptum við umsjónarmenn námskeiða, prófum og eftirfylgni við nemendur.

Breytingar / nýjungar á árinu

Í október barst skólanum bréf frá Heilbrigðisráðuneyti þar sem óskað var eftir álitum þeirrar ákvörðunar ráðherra að óska eftir því að nám sjúkraflutningamanna fari fram í almenna skólakerfinu frá og með haustinu 2024. Skólinn svaraði því bréfi og biður framhald þeirra vinnu.



Sýkingavarnarstjóri/sýkingavarnarnefnd/-ráð

| Lykilmælikvarðar | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|-------------------------------------|------|------|------|------|------|
| Stöðugildi | - | - | - | 1,0 | 1,0 |
| Sjúkrahússýkingar, hlutfall | 3,1% | 4,3% | 3,8% | 4,4% | 6,1% |
| Stunguóhöpp | 24 | 17 | 24 | 17 | 21 |
| Örverueftirlit, jákvæðar greiningar | 67 | 87 | 50 | 99 | 82 |
| MÓSA | 2 | 2 | 1 | 4 | 28 |
| ESBL | 27 | 27 | 23 | 23 | 20 |
| Inflúensa | 19 | 43 | 1 | 6 | 0 |
| Clostr. Diff | 19 | 15 | 25 | 66 | 34 |

Hlutverk

Hlutverk og markmið sýkingavarnaráðs er að framfylgja reglugerð um sóttvarnaráðstafanir á sjúkrahúsum. Það er gert, fyrst og fremst, með því að mæla og skrá tíðni sýkinga á sjúkrahúsinu og með vönduðum vinnuleiðbeiningum. Ráðið ber faglega og stjórnunarlega ábyrgð á málum er snerta sýkingavarnir svo og öllum breytingum þar á. Í þessu felst m.a. skipulag og stefnumótun sýkingavarna, vinna að forvörnum með fræðslu og leiðbeiningum fyrir starfsfólk um smitgát og sýkingavarnir, ráðgjöf til sjúkradeilda og útbúningur verklagsreglna, vinnuleiðbeininga og gæðaskjala varðandi atriði sem tengjast sýkingavörnum.

Starfsfólk

Rut Guðbrandsdóttir er sýkingavarnarstjóri (formaður) en í sýkingavarnarráðinu sitja Sigurður Heiðdal lyf- og smitsjúkdómalæknir, Björg Brynjólfssdóttir lífeindafræðingur, Erla Sigurðardóttir forstöðumaður ræstimíðstöðvar, Vilborg Elva Jónsdóttir skurð-

hjúkrunarfræðingur, Aðalheiður Harðardóttir hjúkrunarfræðingur og Helgi H. Sigurðsson skurðlæknir.

Helstu áskoranir/verkefni á árinu

Sýkingavarnaráð hefur unnið að ýmsum krefjandi verkefnum á árinu fyrir utan hefðbundið eftirlit, s.s. viðbrögð við ýmsum greiningum innan SAK og stuðningur við einingar. Má þar helst nefna verkefni um eftirlit með skurðsárasýkingum. Það leiddi til ítarlegrar greiningar á sýkingum eftir bak- og liðskiptiaðgerðir. Verkefnið er enn í gangi.

Innleidd var rafræn þöntun á lokaþrifum eftir einangrun sem eykur gæði og auðveldar rakningu á hvort sóttthreinsun hafi verið framkvæmd samkvæmt reglum. Einnig var rafrænt eftirlit með gæðum almennrar ræstingar innleitt. Á árinu hófst svo undirbúningur að eftirliti með handhreinsun starfsfólks með rafrænni skráningu.

Öryggisstjóri/öryggisnefnd

| Lykilmælikvarðar | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|------------------------------|------------|------------|------------|------------|------------|
| Stöðugildi | 1,2 | 1,0 | 1,2 | 1,0 | 1,0 |
| Atvik: | | | | | |
| Tækjabúnaður | 40 | 33 | 22 | 25 | 39 |
| Lyfjameðferð | 93 | 62 | 77 | 47 | 77 |
| Blóð- og/eða blóðhlutagjöf | 1 | 4 | 5 | 2 | 1 |
| Meðferð/rannsókn | 111 | 96 | 92 | 83 | 61 |
| Ofbeldi/átök vegna sjúklings | 18 | 16 | 11 | 16 | 43 |
| Umhverfi/aðstæður (byltur) | 94 | 94 | 94 | 51 | 77 |
| Atvik tengd meðferð sýna | 1 | 5 | 5 | 4 | 1 |
| Nálar/leggir | 4 | 9 | 7 | 7 | 5 |
| Þjónusta | 36 | 28 | 31 | 15 | 27 |
| Eignartjón | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 |
| Annars konar atvik | 84 | 69 | 69 | 57 | 82 |
| Samtals | 483 | 417 | 413 | 307 | 413 |

Hlutverk

Hlutverk öryggisnefndar er að skipuleggja aðgerðir varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan sjúkrahússins, annast fræðslu starfsfólks um þessi efni og hafa eftirlit með því að ráðstafanir er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi komi að tilætluðum notum.

Starfsfólk

Helgi Haraldsson er öryggisstjóri en öryggisnefndina skipa sex fulltrúar og var þannig skipuð í lok ársins:

Fulltrúar starfsfólks:

- Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur á Kristnesspítala.
- Helga Kristín Jónsdóttir, mannauðsráðgjafi í starfsmannaheilsuvernd.
- Jón Knutsen, verkefnastjóri, mennta- og vísindadeild.

Skipaðir af stjórnendum:

- Gunnar Líndal Sigurðsson, deildarstjóri rekstrardeildar til 1. september 2023.
- Helgi Haraldsson, öryggisstjóri.
- Rut Guðbrandsdóttir, sýkingavarnastjóri.

Helstu áskoranir / verkefni á árinu

Öryggisnefndin hélt fjóra fundi á árinu. Fjallað var um brunahönnun og brunavarnir, merkingar utan- og innandyra, símenntun starfsfólks, slökkvitækjapjálfun, rafmagnsöryggismál, eftirlit með vatnsúðakerfi, áhættumat, úttektir á lyfjalofttegundum, teymisúttektir, efnanotkun, skipulag öryggis- og gæðamála stofnunarinnar, skipulagsbreytingar og áhrif þeirra á störf öryggisnefndar, öryggismenningu, aðstöðu sjúkrabíla, fjarskipti innandyra o.fl. Nokkuð var fjallað um rakaskemmdir, leka og tengd mál. Einnig var

fjallað um nálgun sjúkrahússins varðandi Ekkó-málin, þ.e. einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi.

Atvik starfsfólks

Alls voru skráð 19 atvik eða slys tengd starfsfólki, flest voru þau án alvarlegra afleiðinga en þó urðu tvö slys þar sem starfsfólk beinbrotnaði á leið til eða frá vinnu.

Auk ofangreinds eru stunguóhöpp starfsfólks skráð og tilkynnt.

Atvik sjúklunga

Nokkuð er um atvikaskráningar vegna sjúklunga. Flest tengjast atvikin byltum eða lyfjagjöfum. Unnið er að greiningum og fyrirbyggjandi aðgerðum á vegum byltuvarna-hóps og lyfjanefndar.

Almenn göngudeild

| Lykilmælikvarðar | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|----------------------------------|-------|-------|-------|-------|-------|
| Stöðugildi | 14,5 | 19,0 | 19,6 | 20,8 | 22,8 |
| Móttaka dagsjúklinga, komur | 3.428 | 3.305 | 3.766 | 4.308 | 4.766 |
| Móttaka næringarráðgjafa, komur | 181 | 127 | 182 | 121 | 205 |
| Móttaka hjúkrunarfræðinga, komur | 1.961 | 1.871 | 1.975 | 2.001 | 1.967 |
| Móttaka talmeinafræðings, komur | 8 | 9 | 10 | 10 | 8 |
| Ljósameðferð, komur | 1.926 | 1.482 | 1.824 | 690 | 46 |
| Heimahlýning, vitjanir* | 488 | 2.935 | 2.220 | 2.152 | 2.283 |

* Einungis taldar vitjanir frá 1. nóvember 2019

Hlutverk

Verkefni almennu göngudeildarinnar eru fjölbreytt. Deildin skiptist í eftirfarandi þjónustueiningar:

- Móttöku dagsjúklinga
- Meltingarspeglun
- Meltingamóttöku
- Smáaðgerðarstofu
- Innkirtlamóttöku
- Minnismóttöku
- Móttöku hjúkrunarfræðings í heilsuvernd starfsfólks
- Heimahlýningu
- Móttöku sérfræðilækna og annarra sérfræðinga

Starfsfólk

Á deildinni eru um 19,25 stöðugildi hjúkrunarfræðinga (þar inni er stöðugildi deildarstjóra í 1,0 og aðstoðardeildarstjóra í 0,9). Í aðstoð eru 0,8 stöðugildi, 1,0 stöðugildi sjúkraliða

og 1,0 stöðugildi móttökuritara. Deildarstjóri er Inga Margrét Skúladóttir og aðstoðardeildarstjóri er Þórdís Rósa Sigurðardóttir. Yfirlæknir er Guðjón Kristjánsson.

Helstu áskoranir/verkefni á árinu

Staða læknamönnunar breyttist þar sem lækna- og smitsjúkdómalæknir og læknir í heimahlýningarteyminu, Friðrik Yngvason lungnasérfræðingur, verktaki auk þess sem samningi við LSH varðandi innkirtlalækningar var hætt.

Breytingar/nýjungar á árinu

Formleg stofnun Líknarmiðstöðvar var í apríl og líknarráðgjafateymi hóf formlega starfsemi í nóvember. Tilgangur líknarráðgjafateymis er að auka ráðgjafahlutverk vegna líknar- og einkenameðferðar á upptökusvæði SAK sem



og innan SAK. Heimahlýning hafði lengi sinnt þessu ráðgjafahlutverki.

Líknarráðgjafateymi veitir þjónustu sem stuðningur eða ráðgjöf við skjólstæðinga sem búa fjarri starfsstöð í gegnum síma eða snjalltæki í samvinnu við heilbrigðisstofnun/starfsfólk í viðkomandi bæjarfélagi.

Líknarmiðstöð er þekkingareining sem hefur það hlutverk að stuðla að auknu aðgengi fagfólks að sérfræðipækkingu, veita ráðgjöf, stuðning, fræðslu og þjálfun til þjónustuveitenda um allt land í samvinnu við líknarmiðstöð LSH. LSH ber ábyrgð á klínískum leiðbeiningum um líknarmeðferð, þróar gæðavísa og eykur þannig aðgengi að sérfræðipækkingu um líknarmeðferð.

Ljósameðferð var formlega hætt á SAK, hún hafði verið starfandi á SAK frá árinu 2006.



Barnadeild/barnalækningar

| Lykilmælikvarðar | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|--|-------|------|-------|-------|-------|
| Stöðugildi | 19,0 | 18,8 | 19,1 | 20,6 | 18,0 |
| Dagdeildarkomur | 106 | 68 | 116 | 156 | 169 |
| Dvalir, fjöldi (innliggjandi) | 472 | 352 | 484 | 584 | 555 |
| <i>Þar af nýburastofa</i> | 86 | 74 | 82 | 59 | 68 |
| Meðallega (innliggjandi) | 2,4 | 2,9 | 2,3 | 2,2 | 2,4 |
| Legudagar niður á meginsérgrein (innliggjandi) | 1.107 | 975 | 1.093 | 1.246 | 1.279 |
| <i>Barnalækningar</i> | 868 | 662 | 753 | 908 | 965 |
| <i>Fæðinga- og kvensjúkdómalækningar</i> | 14 | 5 | 11 | 7 | 5 |
| <i>Geðlækningar</i> | 14 | 25 | 4 | 5 | 1 |
| <i>Lyflækningar</i> | 55 | 61 | 112 | 203 | 178 |
| <i>Skurðlækningar</i> | 156 | 222 | 213 | 122 | 130 |

Hlutverk

Til einingarinnar heyra almennar barnalækningar og nýbura-lækningar. Á barnadeild er pláss fyrir sex á einbýli og tvo á hágæslu fyrir nýbura. Auk þess er rekin dag- og göngudeild. Deildin sinnir börnum frá fæðingu til 18 ára aldurs. Deildin er eina sérhæfða barnadeildin utan höfuðborgarsvæðisins og sinnir fjölbreyttum sjúklingahópi.

Starfsfólk

Stöðugildi hjúkrunarfræðinga eru 12,8. Þar af er sérfræðingur í barnahjúkrun í 25% starfi en til viðbótar er deildarritari í fullu starfi. Deildarstjóri er Aðalheiður Guðmundsdóttir, yfirlæknir er Gróa B. Jóhannesdóttir.

Á árinu fjölgaði barnalæknum um einn og eru því fimm barnalækna í reglubundnu starfi í samtals 3,5 stöðugildum

í árslok. Til að fylla upp í vaktlínu, orlofstímabil og aðra mannaflapörf nýtir deildin afleysingu utanaðkomandi barnalækna. Af undirsérgreinum eru barnahjartalækna og barnameltingarlækni með reglubundna viðveru auk barnainnkirtlalækna skv. samningi við Barnaspítala Hringins.

Unglæknir starfaði á einingunni nær alla mánuði ársins, oftast var um að ræða sérnámslækna í heimilislækningum.

Vaktþjónusta: Bakvakt er allan ársins hring.

Helstu áskoranir/verkefni á árinu

Innlagnir eru lang flestar á vegum barnalækna deildarinnar. Innlagnir barna á vegum skurðlækna og bæklunar-

skurðlækna eru þó nokkrar en aðrir sérgreinalækna leggja inn stöku sinnum. Aðeins dró úr innlögnum fullorðinna vegna plássleysis á heimadeild miðað við árið á undan.

Komum á legudeild fækkaði frá árinu áður en legum á hágæslu nýbura fjölgaði sem og innlögnum nýbura í heild. Nánast allar innlagnir á deildina eru bráðainnlagnir.

Dagdeild er opin fjóra daga í viku yfir veturinn en á skerðingartímabilum er starfsemin í lágmarki. Á dagdeild koma börn í lyfjagjafir, ýmsar rannsóknir og meðferðir. Á dagdeild eru einnig skipulagðar rannsóknir barna sem gera þarf í slævingu eða svæfingu en fara fram annars staðar í húsinu, s.s. heilarit, myndgreiningar og meltingarfæraspeglanir.



Bráðamóttaka/bráðalækningar

| Lykilmælikvarðar | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|--|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| Stöðugildi | 29,4 | 27,5 | 28,4 | 31,9 | 32,3 |
| Meðferðartími, miðgildi (mínútur)* | 127 | 109 | 113 | 120 | 119 |
| Biðtími til læknis, miðgildi (mínútur) | 60 | 43 | 37 | 42 | 43 |
| <i>Komur á göngudeild BMT</i> | <i>1.016</i> | <i>480</i> | <i>485</i> | <i>457</i> | <i>737</i> |
| <i>Komur á BMT (forgangsflokkaðar)</i> | <i>15.113</i> | <i>12.970</i> | <i>15.534</i> | <i>16.101</i> | <i>17.147</i> |
| <i>Forgangur 1</i> | <i>32</i> | <i>27</i> | <i>15</i> | <i>48</i> | <i>51</i> |
| <i>Forgangur 2</i> | <i>1.244</i> | <i>1.286</i> | <i>1.493</i> | <i>1.541</i> | <i>1.689</i> |
| <i>Forgangur 3</i> | <i>3.083</i> | <i>3.648</i> | <i>4.259</i> | <i>4.682</i> | <i>4.832</i> |
| <i>Forgangur 4</i> | <i>4.913</i> | <i>5.510</i> | <i>6.800</i> | <i>6.992</i> | <i>7.314</i> |
| <i>Forgangur 5</i> | <i>1.753</i> | <i>1.932</i> | <i>2.514</i> | <i>2.347</i> | <i>2.811</i> |
| <i>Annað</i> | <i>4.088</i> | <i>567</i> | <i>453</i> | <i>491</i> | <i>450</i> |

* Tími frá komu að útskrift á BMT

Hlutverk

Hlutverk bráðamóttöku er að taka á móti, greina og meðhöndla einstaklinga sem þangað leita vegna slysa og/ eða bráðra sjúkdóma. Á bráðamóttöku er einnig tekið á móti einstaklingum sem þurfa að koma í endurmat og/ eða eftirlit vegna áverka eða veikinda.

Við bráðamóttökuna er einnig starfrækt göngudeild, en þangað er þeim einstaklingum vísað sem þurfa að koma í endurkomu vegna brota eða sára. Göngudeildin er opin tvo daga í viku fyrir brotaendurkomur sem bæklunarskurðlæknir/deildarlæknir sinnir ásamt hjúkrunarfræðingi frá bráðamóttökunni.

Í húsnæði bráðamóttökunnar er einnig móttaka sérfræðilækna sem njóta aðstoðar frá hjúkrunarfræðingi.

Á bráðamóttökunni er starfrækt neyðarmóttaka fyrir fórnarlömb kynferðisofbeldis.

Aðstaða viðbragðsstjórnar og allur búnaður greiningsveitar er á bráðamóttöku.

Starfsfólk

Á bráðamóttöku eru 17,5 stöðugildi hjúkrunarfræðinga, þar með talin staða deildarstjóra. Á deildinni eru einnig 2,95 stöðugildi sjúkraliða/sérhæfðs starfsfólks og móttökuritarar í 4,41 stöðugildi. Deildarstjóri bráðamóttökunnar er Kristín Ósk Ragnarsdóttir. Yfirlæknir er Zoe Rochford.

Helstu áskoranir / verkefni á árinu

Á árinu leituðu 13 þolendur til neyðarmóttöku vegna kynferðisofbeldis, en það er fækkun um þrjú mál frá fyrra ári. Einstaklingar sem leituðu á neyðarmóttökuna voru á aldrinum 19-55 ára, meirihluti þeirra sem leituðu eftir þjónustu neyðarmóttöku SAK voru konur.

Unnið var markvisst að gæðahandbók bráðamóttöku og nú eru fjölmörg skjöl útgefin. Fylgst var með fjölda atvika og kvartana á deildinni og þeim fylgt eftir. Áfram var haldið með stefnumótunarvinnu á deildinni ásamt gæða- og fræðslumálum.



Fæðingadeild/fæðinga- og kvensjúkdómalækningar

| Lykilmælikvarðar | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|--|-------|-------|-------|-------|-------|
| Stöðugildi | 21,5 | 21,4 | 24,3 | 26,0 | 26,1 |
| Göngudeildarþjónusta* | 4.017 | 4.023 | 4.367 | 4.517 | 4.392 |
| <i>Þar af fyrstu viðtöl félagsráðgjafa</i> | | | | | |
| Dvalir, fjöldi (innliggjandi) | 982 | 925 | 1.127 | 1.037 | 996 |
| <i>Þar af nýburar</i> | 434 | 423 | 482 | 455 | 425 |
| Meðallega (innliggjandi) | 2,2 | 2,0 | 1,8 | 1,8 | 1,8 |
| Legudagar niður á meginsérgrein (innliggjandi) | 2.169 | 1.834 | 2.049 | 1.880 | 1.880 |
| <i>Barnalækningar</i> | 45 | 44 | 19 | 13 | 25 |
| <i>Fæðinga- og kvensjúkdómalækningar</i> | 2.122 | 1.790 | 2.025 | 1.849 | 1.832 |
| <i>Lyflækningar</i> | 0 | 0 | 3 | 4 | 1 |
| <i>Skurðlækningar</i> | 3 | 0 | 1 | 14 | 22 |
| Fjöldi fæðinga | 403 | 389 | 491 | 429 | 404 |

* Viðtöl kvensjúkdómalækna, ljósmæðra og félagsráðgjafa

Hlutverk

Markmið fæðingadeildar er að veita þeim konum sem leita til SAK á meðgöngu, í fæðingu og sængurlegu sem besta þjónustu og þannig stuðla að heilbrigði mæðra og nýfæddra barna. Að sama skapi er markmiðið að meðhöndla kvensjúkdóma, stuðla að heilbrigði kvenna og að veita þeim sem viðtækasta þjónustu á þessu sviði í sinni heimabyggð, á Norður- og Austurlandi.

Til að stuðla að því síðastnefnda hafa sérfræðingar deildarinnar farið reglulega og verið með móttöku á Sauðárkróki, Húsavík, og Neskaupstað. Fæðingalæknir er til ráðgjafar um sjúkraflutninga og þá sérlega sjúkraflug og metur hvort í áhöfn eigi að vera fluglæknir, ljósmóðir eða fæðingalæknir þegar þungaðar konur eru fluttar frá SAK á LSH eða frá hinum ýmsu stöðum á SAK eða LSH.

Starfsfólk

Á deildinni eru fimm stöður sérfræðinga í kvensjúkdómum og fæðingahjálp og ein staða deildarlæknis. 21 ljósmóðir sinna 14,91 stöðugildum ljósmæðra, fjórir sjúkraliðar sinna 3,20 stöðugildum sjúkraliðar og einn deildarritari er í 0,67 stöðugildi.

Tölulegur viðauki fæðingadeildar

Á árinu fæddu 404 konur 410 börn, 196 stúlkur og 214 drengi, sem er rétt neðan 10 ára meðaltals (*409 fæðingar). (*merkt meðaltöl hér að neðan eru miðuð við síðustu 10 ár). Á Norður og Austurlandi eru nú einungis skipulagðar fæðingar á Akureyri og Neskaupsstað. Á deildinni fæddu 29 konur 7,2% með heimilisfang á Austurlandi (póstnúmer 700-799) sem er svipað og áður (*7,1%). Frumbyrjur voru

| Yfirlit fæðinga 2023 | Allar mæður | | Frumbyrjur | | Fjölbyrjur | | Börn | |
|-----------------------------------|-------------|-------------|------------|-------------|------------|-------------|--------|-------------|
| | Fjöldi | Hlutf/spönn | Fjöldi | Hlutf/spönn | Fjöldi | Hlutf/spönn | Fjöldi | Hlutf/spönn |
| Fæðingar | 404 | | 162 | 40,1% | 242 | 59,9% | 410 | |
| Framkallaðar fæðingar | 125 | 30,9% | 56 | 34,6% | 69 | 28,5% | | |
| Bráðakeisaraskurðir | 35 | 8,7% | 19 | 11,7% | 16 | 6,6% | | |
| Fyrirhugaðir/val keisaraskurðir | 32 | 7,9% | 6 | 3,7% | 26 | 10,7% | | |
| 3 og 4 gráðu spangarrifur | 15,0 | 3,5% | 14,0 | 8,6% | 8,0 | 3,3% | | |
| Meðal aldur móðura | 29 | 17-52 | 27 | 17-42 | 31 | 20-52 | | |
| Meðal fæðingarþyngd barns | 3.625g | 496-5.665 | 3.527g | 1.920-4.900 | 3.691 | 496-5.665 | | |
| Fæddir fyrirburar <34 vikur | | | | | | | 1b | |
| Fæddir fyrirburar <37 vikur | | | | | | | 30 | 7,3% |
| APGAR <7 við 5 mín (lifandi fædd) | | | | | | | 6 | 1,5% |
| Andvana fæðingar (börn) | | | | | | | 1 | |
| Dáið á fyrsta sólarhring. | | | | | | | 1 | |

a reiknað frá aldri í árum og því er rétta meðaltal að jöfnu hálfu ári hærra b 22v

162 eða 40,1% (*39,0%) nálægt meðaltali. Framköllun fæðinga hefur farið fjölgandi síðustu 20 ár og þannig fæðing framkölluð hjá 34,6% frumbyrja sem er vel ofan við 10 ára meðaltalið, (*28,8%). Hjá fjölbyrjun var gerð framköllun hjá 28,5% sem er lítillega ofan meðaltalsins (*26,8%). Hlutfall eðlilegra fæðinga (án inngripa með áhöldum eða keisaraskurði, miðað við börn) var 77,1% (*78,8%). Gerðir voru 67 keisaraskurðir 16,6% miðað við *14,8% að meðaltali. Hlutfall keisaraskurða hjá frumbyrjum í sjálfkrafa sótt (hópur 1) var 4,4% og hefur aldrei verið lægra (*6,9%). Í hópi 2 (frumbyrjur, höfuðstaða á tíma í framkallaðri fæðingu eða keisaraskurður fyrir fæðingu) var keisaratiðnin 15,7% sem sömuleiðis hefur aldrei verið lægri (*24,8%). Tíðni keisaraskurða hjá frumbyrjum í samantöldum hópum 1 og 2 var því einnig lág 8,4% (*12,3%). Þannig að þó framkölluðum fæðingum hafi fjölgað mikið á síðustu árum hjá

frumbyrjum hafa framkallanir ekki leitt til fleiri keisaraskurða. Þetta er mikilvægt því fari frumbyrja í keisaraskurð verða hún næst í hópi 5 (höfuðstaða, fyrri keisaraskurður), en hjá þeim hópi er og verður alltaf há keisaratiðni eins og rætt er að neðan. Keisaratiðni var sem fyrr lág hjá fjölbyrjum í sjálfkrafa sótt (hópur 3) en var hærrí en oftast áður í hópi 4 (höfuðstaða á tíma í framkallaðri fæðingu eða keisaraskurður fyrir fæðingu eða 13,8%).

Þetta árið voru 45 konur, 11,1%, í hópi 5 (fyrri keisari, höfuðstaða á tíma) og hafa hlutfallslega ekki verið svo margar síðan 2016 (*9,7%). Hinsvegar var hlutfall keisaraskurð neðan við meðaltal 57,8% (*64,1%) og þannig fæddu 15 konur eðlilega um leggöng 4 konur fengu aðstoð með sogklukku.

Fæðingar með notkun á sogklukku, voru 24 eða 5,9% nálægt meðaltali, *6,4% og sem fyrr frekar hjá frumbyrjum (16/24).




Heldur fleiri konur en á síðasta ári fengu örvun með oxytocin í sjálfkrafa fæðingu. Þannig fengu 42,8% (*49,6%) frumbyrja (hópur 1) og 11,4% (*12,1%) fjölbyrja (hópur 3) örvun með oxytocin. Skoða verður þessar tölur í samhengi við hversu oft konur fá epidural deyfingu í fæðingu. Epidural deyfingar voru 177 (43,8%) eins og að meðaltali síðustu 10 ár (*43,8%). Í sjálfkrafa sótt fengu 60,4% frumbyrja (hópur 1) epidural deyfingu og 25,4% fjölbyrja (hópur 3). Hinsvegar fengu mun fleiri konur í framkallaðri fæðingu epidural eða 80,0% frumbyrja (hópur 2a) og 47,5% fjölbyrja (hópur 4a). Spangarskurðir var gerður hjá 17 konum, 4,2% og þar af voru 7 í sogklukkufæðingum. Alvarlegar spangarrifur (3/4gráða) voru 22 eða 5,4% (*3,6%) og af þeim voru 5 við sogklukkufæðingu. Ekki hafa verið greindar svo margar slæmar rifur síðan 2017. Spangarskurðum hefur farið fækkandi og voru 5,4% en mjög nálægt meðaltali (*5,5%). Við skoðun er ekki hægt að greina samhengi milli fjölda alvarlegra spangarrifa og fjölda spangarskurða síðustu 10 ár.

Ytri vending var reynd hjá 10 konum vegna sitjandi fósturstöðu og tókst í 3 tilvikum og fæddu þær um allar um leggöng. Hinar fæddu með keisaraskurði. Heimaþjónustu fengu 379 af þeim konum sem fæddu á fæðingadeildinni. Samkvæmt leiðbeiningum frá Landlæknisembættinu um fæðingastaði skal miða við að ekki fæðist fyrirburar <34 vikur á SAK. Þetta árið fæddist einn ólífvænlegur örburi.

Fæðingar barna < 37 vikna voru 30,73% sem er langt ofan meðaltals (*4,1%). Ekki er að sjá einhlíta skýringu á þessu. Af lifandi fæddum börnum voru 6,15% (*1,9%) með APGAR minni en 7 við 5 mínútur. Eitt barn fæddist andvana. Til að auka öryggi við keisaraskurði er talið rétt að sem færstar aðgerðir séu gerðar í svæfingu og voru þetta árið 710,4% slíkar svæfingar sem er svipað og síðustu ár (*11,5%). Því má segja að 2023 hafi einkennst af mörgum konum sem höfðu áður farið í keisaraskurð, færri frumbyrjur fóru í keisaraskurð og óvenjumargar konur fæddu fyrirbura fyrir 37 vikur.

Á fyrstu vikum meðgöngu komu 299 konur í ómskoðun. Í samþætt líkindamat við 11-14 vikur (hnakkapýkktarmæling og lífefnavísar) komu 354 konur sem er fjölgun frá síðasta ári (286). Færri konur fóru í NIPT eða 15. Í ómskoðun við 12 vikur án samþætts líkindamats komu 44 konur. Við 20 vikur voru gerðar 395 ómskoðanir. Allar skoðanir við 11-14 vikur og við 20 vikur eru skráðar inn í Astraia sem er sameiginlegur gagngrunnur með fósturgreiningadeild kvennadeildar LSH. Í flestum tilfellum er samráð við fósturgreiningadeildina um afbrigðileg tilfelli. Á SAK greinast fá tilfelli með afbrigðileika. Því er talið réttara vegna persónuverndarlaga að birta afbrigðilegar niðurstöður úr fósturgreiningu fyrir allt landið í heild, sjá skýrslu fæðingaskráningar. Heimsóknir í áhættu-mæðravernd voru 1.639 (2023) samkvæmt skráningu í Sögu og voru því heldur færri en á fyrra ári.



Félagsráðgjöf

Markmið félagsráðgjafabjónustu SAK er að veita sjúklingum og aðstandendum stuðning í persónulegum málum út frá breyttum forsendum. Helstu viðfangsefni eru:

- Ráðgjöf og aðstoð við sjúklinga og aðstandendur þeirra vegna félagslegra réttinda, bóta og lífeyrisréttar.
- Sálfélagslegur stuðningur, meðferðar og stuðningsviðtöl og aðstoð við tilfinningalega úrvinnslu.
- Félagsráðgjafi sinnir mikilvægri eftirfylgni og vísar skjólstæðingum sínum einnig eftir þörfum í frekari þjónustu-úrræði til stofnanna samfélagsins.

Samvinna við aðrar stofnanir samfélagsins er því töluverð, má þar helst nefna HSN, Akureyrarbæ og Heilsuvernd.

Starfsfólk

Heimiluð stöðugildi í upphafi árs 2023 voru tvö en á vordögum var aukið við og eru nú starfandi þrjú félagsráðgjafar við almennar deildir SAK.

Helstu áskoranir/verkefni á árinu

Eftir að félagsráðgjafar urðu þrjú var ákveðið að endurskipuleggja hlutaverk félagsráðgjafa og skipta þeim niður á deildir. Mikil tækifæri voru til staðar til að nýta félagsráðgjafa enn frekar á SAK og fór metnaðarfull vinna í það auk þess sem félagsráðgjafar kynntu sér störf félagsráðgjafa á LSH.

Hafa félagsráðgjafar sótt deildarfundir til að koma á frekara samstarfi á SAK.

Félagsráðgjafar hafa tekið þátt í stefnumótunarvinnu og ýmsum öðrum verkefnum á árinu líkt og árunum á undan. Einnig hefur það verið hluti af starfi félagsráðgjafa að halda utan um túlkabjónustu bæði innan og utan SAK. Skjólstæðingahópur fer áfram stækkandi og mál hvers og eins oft umfangsmeira en áður. Fyrir utan hefðbundna skjólstæðingavinnu hefur starf félagsráðgjafa einnig verið að sinna teymisvinnu innan sjúkrahússins, má þar nefna neyðarmóttökuteymi, útskriftarteymi, ME teymi (Akureyrarklíník) og sálgæsluteymi SAK.

Félagsráðgjafar eru fulltrúar í útskriftarteymi sjúkrahússins. Markmið teymisins er að stuðla að bættu flæði sjúklinga og að undirbúa útskrift sjúklinga vel hvort sem þeir útskrifast heim, í endurhæfingu eða í aðra vistun, tímabundna eða varanlega.

Töluverðar breytingar hafa orðið og nú sinnir t.d. ljósmóðir þungunarrofssamtölum á fæðinga- og kvennadeild sem áður var gert af félagsráðgjöfum.

Athygli er vakin á því að þegar kemur að eftirfylgni, vitjunum og símtölum við skjólstæðinga eftir komu eða innlögn á SAK eru nýir sjúklingar töluvert fleiri á legudeildum en eftirfylgnin mun meiri á göngudeildum.

Geðdeild/geðlækningar

| Lykilmælikvarðar | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|--|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| Stöðugildi | 34,8 | 31,5 | 35,9 | 38,4 | 42,3 |
| Dagdeildarþjónusta á legudeild | 760 | 294 | 397 | 546 | 541 |
| Dagdeildarþjónusta Sels | 961 | 991 | 1.346 | 2.306 | 2.154 |
| Göngudeildarþjónusta* | 3.635 | 2.816 | 3.436 | 3.426 | 3.338 |
| Dvalir, fjöldi (innliggjandi) | 286 | 265 | 274 | 308 | 331 |
| Meðallega (innliggjandi) | 11,2 | 10,7 | 9,5 | 10,3 | 10,2 |
| Legudagar niður á meginsérgrein (innliggjandi) | 3.138 | 2.827 | 2.598 | 3.149 | 3.359 |
| <i>Geðlækningar</i> | <i>3.130</i> | <i>2.820</i> | <i>2.598</i> | <i>3.149</i> | <i>3.346</i> |
| <i>Lyflækningar</i> | <i>8</i> | <i>7</i> | <i>0</i> | <i>0</i> | <i>13</i> |

* Viðtöl geðlækna, félagsráðgjafa, hjúkrunarfræðinga, iðjubjálfa og sálfræðinga

Hlutverk

Geðdeild SAK gegnir lykilhlutverki í að veita íbúum á Norður- og Austurlandi heilðræna og faglega geðheilbrigðisþjónustu. Hún sinnir legudeildar-, dagdeildar-, og göngudeildarþjónustu, þjónustu við fullorðna, börn og unglunga sem og nærsamfélagsþjónustu við langveika. Hlutverk hennar er fjölbætt og miðar að því að styðja við geðheilbrigði einstaklinga á öllum aldri með margvíslegar geðraskanir og vanda. Verkefni barna- og unglingateymisins eru allt frá tilfinningavanda yfir í fötlunavanda.

Lögð er áhersla á samvinnu við önnur þjónustukerfi eins og heilsugæslu, félagsþjónustu, skólaþjónustu og barnavernd.

Starfsfólk

Á dag- og göngudeild og BUG teymi geðdeildar SAK hafa sérfræðilæknar heimild fyrir 5,7 stöðugildum en setin voru 3,59 á árinu. Sálfræðingar, félagsráðgjafar og iðjubjálfa


hafa heimild fyrir 12,85 stöðugildum og setin voru 11,4 á árinu. Helgi Garðar Garðarsson, lét af störfum í lok maí úr störfum yfirlæknis og við tók Thomas Brieden.

Legudeild geðdeildar SAK voru hjúkrunarfræðingar ásamt deildarstjóra og aðstoðardeildarstjóra í 13,8 stöðugildum. Annað starfsfólk var í 8,66 stöðugildum. Deildarstjóri er Bernard Gerritsma.

Helstu áskoranir/verkefni á árinu

Helstu áskoranir hafa snúið að húsnæðisþrengslum og mönnunarvanda. Húsnæðisþrengslin hafa haft bein áhrif á skilvirkni, möguleikana á að veita viðeigandi þjónustu og takmarkað getuna til að bjóða upp á fjölbreytta meðferð. Mönnunarvandinn hafði töluverð áhrif á þjónustuna í lok ársins og hafði það neikvæð áhrif og aukið álag á starfsfólk.

Í lok árs var farið í umbótavinnu með óháðum ráðgjafa þar sem starfsemin var á viðkvæmum stað. Sú vinna náði



fram á nýtt ár. Þeirri vinnu er hvergi lokið en unnið verður með umbætur á starfinu. Vonast var til að ávinningur af þeirri vinnu birtist í auknum stöðuleika, bættri líðan starfsfólks, fjölgun afleysingalækna og skilvirkari þjónustu við skjólstæðinga.

Breytingar/nýjungar á árinu

Þær breytingar urðu á þjónustunni að dagþjónustan bauð upp á sumarhóp og var öllum skráðum notendum í dagþjónustu boðin þátttaka. Einnig var sótt um styrk í lýðheilsusjóð fyrir verkefni innan dagþjónustunnar sem heitir „dagbók“ sem fékkst samþykkt og er nú komið í notkun. Á árinu var settur meiri þungi í gagnaöflun í tengslum við sálfræðilegar hópameðferðir sem gæðapróun á því úrræði innan þjónustunnar. Áfram var unnið með að þróa sérhæfðu lyfjaeftirfylgdina.

Gjörgæsludeild/svæfinga- og gjörgæslulækningar

| Lykilmælikvarðar | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|-------|-------|-------|-------|-------|
| Stöðugildi | 30,5 | 30,6 | 34,6 | 37,8 | 40,8 |
| Blóðskilun, dagdeild | 501 | 569 | 1.034 | 1.074 | 1.006 |
| Dvalir, fjöldi (inniliggjandi) | 421 | 326 | 399 | 396 | 429 |
| Meðallega (inniliggjandi) | 7,1 | 10,2 | 9,3 | 9,6 | 8,6 |
| Legudagar niður á meginsérgrein (inniliggjandi) | 2.948 | 3.190 | 3.598 | 3.695 | 3.656 |
| <i>Barnalækningar</i> | 6 | 18 | 16 | 27 | 30 |
| <i>Fæðinga- og kvensjúkdómalækningar</i> | 65 | 14 | 16 | 25 | 68 |
| <i>Geðlækningar</i> | 8 | 0 | 0 | 46 | 12 |
| <i>Lyflækningar</i> | 1.224 | 1.322 | 1.532 | 1.879 | 1.398 |
| <i>Skurðlækningar</i> | 1.644 | 1.837 | 2.033 | 1.717 | 2.149 |
| <i>Svæfinga- og gjörgæslulækningar</i> | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 |



Hlutverk

Gjörgæsludeild er fimm rúma deild sem sinnir bráðveikum einstaklingum og sjúklingum eftir stærri aðgerðir og slys. Deildinni tilheyrir móttaka skurðstofu og átta rúma vöknunareining sem sinnir sjúklingum eftir aðgerðir og ýmis inngríp sem krefjast slævingar eða deyfingar.

Á deildinni er einnig sérstök blóðskilunareining þar sem fram fer blóðskilun fyrir sjúklinga með lokastigs nýrnabilun.

Starfsfólk

Á gjörgæsludeild eru 21,95 stöðugildi hjúkrunarfræðinga og 9,75 stöðugildi sjúkraliða. Í lok árs 2023 voru starfandi 28 hjúkrunarfræðingar og 12 sjúkraliðar á deildinni auk sérhæfðs aðstoðarmanns og tímavinnufólks. Í svæfinga- og gjörgæslulækningum eru 4,5 stöðugildi. Deildarstjóri er Brynja Dröfn Tryggvadóttir og aðstoðardeildarstjóri Brynhildur Elvarsdóttir. Yfirlæknir var Oddur Ólafsson.

Helstu áskoranir/verkefni á árinu

Árið 2023 var starfsemin hefðbundin en litaðist þó talsvert af manneklu og skorti á starfsfólki og þeim áskorunum sem því fylgja. Áfram var lögð áhersla á heildræna og árangursríka hjúkrun sem byggir á gagnreyndri þekkingu og viðurkenndum vinnuferlum og lögð vinna í áframhaldandi uppbyggingu gæðahandbókar. Sökum skorts á húkrunarfræðingum, m.a. til að sinna vöknun, var ákveðið að fækka valkvæðum aðgerðum yfir hásumarið.

Sérnámslæknar í svæfinga- og gjörgæslulækningum fá nú metna sex mánuði af námi og störfum á SAK. Einnig fer fram kennsla læknanema og það hefur reynst mjög vinsælt fyrir sérnámsgrunnslækna að taka átta vikur í val í svæfinga- og gjörgæslulækningum.

Starfsfólk hefur fengið hvatningu til að sækja sér fræðslu og sérhæfingu. Setið var í tveimur námsstöðum hjúkrunarfræðinga í klínísku meistaranámi auk þess sem

þónokkrir hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar stunduðu annarskonar framhalds- og viðbótarnám. Deildin stóð fyrir metnaðarfullum fræðsludegi sem var vel sóttur auk þess sem starfsfólk sótti sérhæfða fræðslu innan deildarinnar og tók þátt í klínískri þjálfun.

Blóðskilun

Á gjörgæsludeild fer fram blóðskilun fyrir sjúklinga með lokastigs nýrnabilun. Einstaklingar í blóðskilun þurfa alla jafna að fara í slíka meðferð þrisvar í viku og tekur meðferðin þrjár til fjórar klukkustundir. Í lok árs var byrjað að veita sjúklingum meðferð með plasmaskiptum og fer sú meðferð fram vikulega. Starfsemin á blóðskilun hefur vaxið jafnt og þétt frá því að einingin hóf starfsemi árið 2015. Blóðskilun er staðsett í nýlega endurbættu húsnæði á gjörgæsludeild og meðferðin fer fram sex daga vikunnar.

Kristnesspítali/endurhæfinga- og öldrunarlækningar

| Lykilmælikvarðar | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|--|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| Stöðugildi | 51,8 | 50,8 | 56,1 | 55,3 | 57,5 |
| Dagdeild endurhæfingar | 289 | 126 | 21 | 11 | 11 |
| Dvalir, fjöldi (innliggjandi) | 368 | 276 | 356 | 266 | 295 |
| Meðallega (innliggjandi) | 25,5 | 24,7 | 22,8 | 25,8 | 25,4 |
| Legudagar niður á meginsérgrein (innliggjandi) | 9.424 | 6.871 | 8.129 | 6.891 | 7.480 |
| <i>Endurhæfingar- og hæfingarlækningar</i> | <i>5.235</i> | <i>3.500</i> | <i>4.353</i> | <i>3.661</i> | <i>4.404</i> |
| <i>Lyflækningar</i> | <i>0</i> | <i>0</i> | <i>0</i> | <i>3</i> | <i>0</i> |
| <i>Öldrunarlækningar</i> | <i>4.188</i> | <i>3.371</i> | <i>3.776</i> | <i>3.227</i> | <i>3.076</i> |

Hlutverk

Kristnesspítali er 34 legurýma eining. Á 3. og 4. hæð eru 14 legurými ásamt sex dagdeildarrýmum sem opin eru frá mánudegi til föstudags. Á 5. hæð eru 14 rými sem opin eru sjö daga vikunnar. Á deildinni fer fram hjúkrun og umönnun sjúklunga innan öldrunar- og endurhæfingalækninga auk þjónustu við ferlisjúklunga. Einnig er starfrækt göngudeild endurhæfingalækninga. Öldrunarlækna sinna minnismóttöku á dag- og göngudeild á Eyrarlandsholti ásamt hjúkrunarfræðingi sem sinnir heilabilunarráðgjöf. Lögð er áhersla á þekkingu og færni í heilsufarsmati sjúklunga, heilbrigðishvatningu, markmiðssetningu, meðferð, fræðslu og leiðsögn til sjúklunga, aðstandenda og annarra meðferðaraðila. Starfið felur í sér þverfaglega teymisvinnu sem byggir á markvissri samvinnu sjúklings, fjölskyldu og meðferðaraðila. Unnið er samkvæmt gæðastöðlum og lögð er áhersla á að veita öllum sem þangað koma góða, markvissa og þverfaglega þjónustu.

Starfsfólk

Heimiluð stöðugildi hjúkrunarfræðinga voru 12,73, sem í nóvember 2023 var aukið í 14,33 með það að markmiði að styrkja mönnun hjúkrunarfræðinga að næturlagi. Stöðugildi sjúkraliða voru 14,65 sem hélst óbreytt milli ára. Aðstoðarmaður Kristnesspítala er 0,83 stöðugildi í dagvinnu. Töluvert var um skammtíma-, og langtímaveikindi meðal starfsfólks á árinu sem ekki tókst að manna og leiddi til að undirmannað var tíu mánuði ársins.

Innan endurhæfinga- og öldrunarlækninga störfuðu sex lækna á árinu, einn sérfræðingur í lyf- og öldrunarlækningum, einn sérfræðingur í öldrunarlækningum og í upphafi árs þrjú sérfræðingar í heimilislækningum. Fjórdi sérfræðingurinn í heimilislækningum hóf störf 1. apríl en sérfræðingur í lyf- og öldrunarlækningum dró úr starfshlutfalli sínu frá 1. september vegna annarra starfa. 4,5 stöðugildi voru setin en stöður eru ekki fullmannaðar.

Eygló Brynja Björnsdóttir aðstoðardeildastjóri sinni stöðu deildarstjóra stóran hluta árs í fjarveru Kristínar

Margrétar Gylfadóttur deildarstjóra. Yfirlæknir var Arna Rún Óskarsdóttir.

Tíu hjúkrunarnemar í grunnnámi (öðru-, þriðja- og fjórða námsári) komu frá HA ásamt fimm sjúkraliðanemum í grunnnámi frá íslenskum framhaldsskólum.

Í iðjubjálfun starfa átta iðjubjálfar og tveir aðstoðarmenn. Alls eru stöðugildi iðjubjálfa því 5,6 ásamt svo 0,5 stöðugildi HTM (Hjálpartækjamiðstöð). Tveir aðstoðarmenn eru staðsettir á Kristnesi og skipta á milli sín 1,5 stöðugildi. Sex iðjubjálfar starfa á Kristnesspítala í 4,15 stöðugildum, að auki er 0,4 stöðugildi við HMT Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) á Kristnesi. Tveir iðjubjálfar starfa á bráðadeildum, annar í 0,75 stöðugildi þar sem 0,1 af því stöðugildi tilheyrir HMT SÍ og hinn er í 0,8 stöðugildi. Iðjubjálfi tók að sér 10% stöðu sem tilheyrir vinnuúttektum en vegna álags á deildum var ekki mögulegt að sinna þeirri stöðu og því var hún sett á bið um áramótin. Einn iðjubjálfi var í veikindaleyfi allt árið og nokkrir iðjubjálfar tóku á sig aukaprósentur hér og þar yfir árið. Einn hætti störfum og annar fór í fæðingarorlof, ráðið var í báðar stöðurnar.

Félagsráðgjafi starfaði í 90% starfi við Kristnesspítala árið 2023. Vegna aukinna verkefna jókst starfshlutfall talmeinafræðings úr 70% í 90% þann 1. febrúar 2023. Nýr sálfræðingur tók til starfa í febrúar á árinu og starfar nú í 60% hlutfalli.



Helstu áskoranir/verkefni á árinu

Yfir sumartímann var Kristnesspítala lokað samfellt í þrjár vikur með skerðingartímabil í tvær vikur fyrir lokun og tvær vikur eftir lokun. Eins og áður var aðeins önnur hæðin opin um helgar og páska ásamt því að lokað var yfir jól og áramót.

Skerðingartímabil og sumarlokun var skipulögð mánuði fyrir en undanfarin ár til þess að tryggja starfsemi yfir mesta álagstíma bráðadeilda. Starfsemin fór fremur hægt af stað eftir sumarlokun þar sem erfitt reyndist að fá inn einstaklinga til endurhæfingar í júlímánuði. Skortur á sjúkraþjálfurum var viðvarandi vandi sem hafði mikil áhrif á starfsemi dag- og fimm daga deildar allt árið.

Stofnaður var faghópur sem vann að því að taka saman upplýsingar um hlutverk og stöðu endurhæfingarteymis á Kristnesspítala. Þar kemur fram að eftir COVID-19 faraldurinn 2020 hefur orðið verulega skerðing á endurhæfingarþjónustu og endurhæfingarsvið SAK því ekki náð fullum afköstum enn þann dag í dag. Endurtekið þurfti að draga úr starfsemi bæði vegna beinna áhrifa faraldursins og sóttvarnarviðmiða, starfsfólk deildarinnar var kallað til starfa á bráðadeildar til lengri eða skemmri tíma. Deildin hefur ekki náð fyrri afköstum vegna sparnaðar, skipulagsbreytinga og mannekle.

Sjúklingar af bráðadeildum SAK hafa forgang á bæði sjö og fimm daga deild á Kristnesspítala og innan öldrunarlækninga hefur þetta þýtt minna svigrúm til að bjóða öldruðum

sem leggjast inn að heiman í þörf fyrir þverfaglega öldrunarlækningaþjónustu innlögn. Biðlisti þeirra sem biða innlagnar heima hefur lengst og afköst öldrunarlækningateymis hafa dregist saman af þessum sökum í samanburði við fyrri ár. Innan endurhæfingalækninga fer fram öflugt hópastarf og á árinu voru starfræktir sex virkni- og heilsuhópar fyrir fólk með langvinna verki, alls tóku 34 einstaklingar þátt í þeim og þrír lífsstílhópar fyrir fólk í ofþyngd þar sem 14 einstaklingar tóku þátt. Afköst innan bæði endurhæfingar- og öldrunarlækninga hafa dregist saman undanfarin ár.

Talmeinafræðingur framkvæmdi 71 kyngingarrannsókn í samvinnu við geislafræðinga árið 2023. Þá bárust 34 beiðnir til talmeinaþjónustu SAK frá sérfræðilæknum og deildum öðrum en öldrunar- og endurhæfingardeild. 29 taugasálfræðimöt voru framkvæmd frá apríl til ársloka.

Breytingar/nýjungar á árinu

Innleiðing samskiptaforritsins Memaxi er langt á veg komin, áætlað er að þeirri innleiðingu ljúki á fyrstu mánuðum ársins 2024. Í ágúst mánuði var ný hjólageymsla tekin í notkun fyrir starfsfólk. Innleiðing á heilsufarsmatinu Hermes í Sögu hófst á árinu og gengur vel, enn er unnið að því að leysa þau vandamál sem komið hafa upp.

Lyflækningadeild/Lyflækningar

| Lykilmælikvarðar | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|-------|-------|-------|-------|-------|
| Stöðugildi | 49,2 | 52,9 | 55,3 | 55,6 | 56,1 |
| Göngudeildarþjónusta* | 5.970 | 4.973 | 5.588 | 5.628 | 5.334 |
| Lífeðilsfræðilegar rannsóknir | 6.521 | 6.136 | 6.538 | 6.398 | 6.359 |
| Ómskoðanir á hjarta | 1.531 | 1.462 | 1.407 | 1.419 | 1.347 |
| Hjartarit | 3.395 | 3.007 | 3.297 | 3.186 | 3.290 |
| Heilalínurit | 87 | 109 | 121 | 141 | 129 |
| Áreynslurit | 659 | 596 | 556 | 482 | 419 |
| Öndunarmælingar | 157 | 144 | 194 | 237 | 138 |
| Holter rit | 692 | 818 | 963 | 933 | 1.036 |
| Dvalir, fjöldi (inniliggjandi)** | 1.651 | 1.454 | 1.630 | 1.758 | 1.794 |
| Meðallega (inniliggjandi) | 5,0 | 5,8 | 5,7 | 5,7 | 5,3 |
| Legudagar niður á meginsérgrein (inniliggjandi) | 7.335 | 7.529 | 8.081 | 8.581 | 8.410 |
| Barnalækningar | 0 | 4 | 0 | 0 | 1 |
| Fæðinga- og kvensjúkdómalækningar | 0 | 0 | 0 | 0 | 8 |
| Geðlækningar | 0 | 0 | 0 | 0 | 28 |
| Lyflækningar | 7.271 | 7.418 | 8.060 | 8.476 | 8.249 |
| Skurðlækningar | 63 | 107 | 21 | 104 | 123 |
| Svæfinga- og gjörgæslulækningar | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 |

* Viðtöl lyflækna og hjarta- og lungnamóttaka hjúkrunarfræðinga

** Með COVID-19 legudeild

Hlutverk

Lyflækningadeild er venjulega 23 rúma deild sem veitir almenna lyflækningaþjónustu. Fyrri part ársins var rúmum fækkað í 20 vegna skorts á hjúkrunarfræðingum.

Starfsfólk

Heimilaðar stöður eru 39,34. Deildarstjóri er Þóra Ester Bragadóttir og aðstoðardeildarstjóri Sólveig Hulda Valgeirsdóttir en hún vinnur að hluta deildarvinnu og að ýmsum verkefnum þegar færi gefst. Yfirlæknir er Guðjón Kristjánsson.

Einn hjúkrunarfræðingur deildarinnar er með sérfræðingsleyfi og sinnir meðal annars móttöku hjarta-sjúklinga og fræðslu til þeirra. Annar hjúkrunarfræðingur deildarinnar fór í 40% stöðu við það að sinna þjónustu við lungnasjúklinga aðallega þá sem eru með langvinna lungnateppu.

Mikið er um hjúkrunarnema á deildinni og eru þeir stærstan hluta vetrarins. Tveir hjúkrunarfræðingar sjá um að skipuleggja kennslu og viðveru þeirra. Sjúkraliðanemum hefur einnig fjölgað og höfum við verið að



taka við þeim nemum frá fleiri skólum. Tveir sjúkraliðar sjá um móttöku þeirra.

Helstu áskoranir / verkefni á árinu

Mikil aukning er í einangrun sjúklinga sem skýrist mögulega af því að COVID-19 hefur verið áfram í gangi og meira er farið að taka af sýnum til að greina smitsjúkdóma. Þetta hefur verið mikil áskoran því deildin er einungis með eitt einangrunarherbergi og tvö til þrjú einbýli með snyrtingu til viðbótar því. Erfiðlega gekk að manna stöður hjúkrunarfræðinga á árinu, mikið var um fæðingarorlof og langtímaveikindi ásamt því að starfsfólk fór til annarra starfa. Í fyrsta skipti var erlendur hjúkrunarfræðingur ráðinn en þar er tungumálið helsta áskoranin.

Lítið var um fræðslu fyrir starfsfólk þetta árið nema í gegnum Eloomi. Nokkrir deildarfundir hafa verið haldnir með fræðslu og þá hefur verið boðið upp á Teams möguleika. Nokkrir starfsmenn hafa farið á ALS og ILS námskeið og einnig í hermikennslu. Þrír hjúkrunarfræðingar sóttu ráðstefnuna Hjúkrun.



Skurðlækningadeild/skurðlækningar/bæklunarskurðlækningar

| Lykilmælikvarðar | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|--|-------|-------|-------|-------|-------|
| Stöðugildi | 49,5 | 49,2 | 55,0 | 56,9 | 58,6 |
| Göngudeildarþjónusta* | 3.486 | 2.935 | 2.220 | 2.152 | 2.283 |
| Innritunarmiðstöð** | 798 | 611 | 588 | 706 | 714 |
| Dvalir, fjöldi (innliggjandi) | 1.937 | 1.593 | 2.069 | 1.880 | 1.994 |
| Meðallega (innliggjandi) | 3,6 | 4,1 | 3,8 | 4,2 | 4,5 |
| Legudagar niður á meginsergrein (innliggjandi) | 6.188 | 5.964 | 6.952 | 7.225 | 8.109 |
| <i>Endurhæfingar- og hæfingarlækningar</i> | 0 | 0 | 0 | 0 | 10 |
| <i>Fæðinga- og kvensjúkdómalækningar</i> | 233 | 149 | 206 | 190 | 257 |
| <i>Lyflækningar</i> | 61 | 189 | 199 | 344 | 405 |
| <i>Skurðlækningar</i> | 5.893 | 5.606 | 6.546 | 6.691 | 7.282 |
| <i>Öldrunarlækningar</i> | 0 | 21 | 0 | 0 | 155 |
| Skurðaðgerðir | 3.516 | 2.845 | 3.181 | 2.640 | 2.598 |
| <i>Þar af gerviliðaaðgerðir</i> | 457 | 331 | 473 | 375 | 333 |

* Viðtöl bæklunarskurðlækna og almennrar skurðlækna **Fjar- og innritunarviðtöl

Hlutverk

Deildin er 20 rúma legudeild sem hefur það hlutverk að sinna fjölbreyttum hópi sjúklinga á bæklunar-, kvensjúkdóma- og handlækningasviði.

Undir skurðlækningar heyra sérfræðingar í almennum skurðlækningum, æðaskurðlækningum, þvagfæraskurðlækningum, háls-, nef- og eyrnalækningum og meinafræði. Auk þess heyra allt að þrjú almennir læknar faglega undir eininguna á hverjum tíma. Vakthafandi skurðlæknir sinnir bráðatilfellum sem heyra undir ofantaldar sérgreinar, lýtalækningar, brjóstholsskurðlækningar, heila- og taugaskurðlækningar og augnlækningar. Bráðainnlagnir eru 2/3 af innlögnum á vegum skurðlækna. Fullorðnir leggjast inn á legudeild sem er sameiginleg með bæklunarskurðlækningum og kvenlækningum.

Börn yngri en 18 ára með kviðverki sem þarfnast aðgerðar leggjast inn á barnadeild á ábyrgð skurðlækna. Sérfræðingur á bráðamóttöku metur á dagvinnutíma þá sjúklinga sem þangað leita og heyra undir skurðlækningar. Utan dagvinnutíma metur vakthafandi aðstoðarlæknir sjúklingana og ráðfærir sig við/kallar til vakthafandi skurðlækni eftir þörfum. Gjörgæsla sjúkrahússins gerir meðferð fjöláverkasjúklinga og stærri bráðaaðgerðir mögulegar. Áður voru flestar skurðaðgerðir skipulagðar en nú er meiri hluti framkvæmdra aðgerða orðnar hálf bráðar og bráðar aðgerðir jafnt á daginnutíma sem og vaktatíma. Oftast geta sjúklingar farið heim samdægurs eftir minni aðgerðir. Göngudeildarþjónusta og ráðgjöf er umtalsverður hluti starfseminnar.

Starfsfólk

Heimiluð stöðugildi hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða eru alls 40. Heimiluð stöðugildi skurðlækna eru 5,75. Í lok árs 2023 voru setin stöðugildi samtals þrjú, þar af eru þrjár sérfræðingar í hlutastarfi og tveir sérfræðingar í 100% starfi. Einn sérfræðingur í fullu starfi tekur ekki bakvaktir. Auk þessara sinnir framkvæmdastjóri sviðsins bakvöktum sem og farandsérfræðingar sem koma einstaka vikur til afleysinga. Tveir háls-, nef- og eyrnalækna störfuðu við eininguna í 50% stöðu hvor, annar þeirra er að hluta til í því stöðugildi starfandi á bráðamóttöku. Þvagfæraskurðlæknir var í 40% stöðu og annar á ferilverkasamningi. Viðvera meinafræðings var sem áður tryggð með tímavinnu meinafræðings og samstarfssamningi við LSH.

Yfirlæknir skurðlækninga er Helgi H. Sigurðsson, deildarstjóri er Hilda Hólm Árnadóttir og aðstoðardeildarstjóri er Bryndís María Davíðsdóttir.

Helstu áskoranir/verkefni á árinu

Mikið álag var á legudeildinni allt árið og aukning bæði á fjölda innlagna og legudaga milli ára. Meðallegutíminn var þó sambærilegur. Alla jafna voru fleiri sjúklingar á deildinni en gert er ráð fyrir og álag á starfsfólk verið mikið. Flestar innlagnir árið 2023 tilheyrðu skurðlækningum en þar undir teljast þeir sem fá meðferð vegna almennra skurðlækninga,

æðaskurðlækninga, þvagfæraskurðlækninga, lýtalækninga, háls-, nef- og eyrnalækninga og augnlækninga.

Næst fjölmennasti hópurinn tilheyrði bæklunarlækningum (826 innliggjandi á árinu) og bar þar hæst sjúklingar sem fóru í gerviliðsaðgerðir sem voru 333 á árinu. Einnig voru gerðar 16 aðgerðir þar sem sjúklingar fengu gervilið í öxl. Bakaðgerðum fjölgaði töluvert þetta árið eftir komu nýs tækis á skurðstofu, en þær voru 29 talsins.

Sjúklingar sem voru innlagðir vegna kvensjúkdóma sem ekki tengjast meðgöngu voru alls 143. Hluti sjúklinga koma innkallaðir, þ.e. vitað er um komu þeirra með fyrirvara, eða um 40%. Þeir fara langflestir í undirbúningsrannsóknir og fá fræðslu á innritunarmiðstöð sem tilheyrir deildinni. 420 sjúklingar komu á innritunarmiðstöð á árinu en 265 fóru í rannsóknir í sinni heimabyggð og fengu fræðslu gegnum síma/tölvupósti (fjarinnritun). Hluti sjúklinga leggjast inn brátt t.d. eftir slys, áverka eða skyndilega versnun á sjúkdómi eða um 54%. Aðrar innlagnir eru flutningar milli þjónustuflokka 1%, eða skipulagðar innlagnir án biðlista 5%.

Viðfangsefni hjúkrunar á deildinni eru fræðsla og undirbúningur fyrir skurðaðgerðir og hjúkrun sjúklinga eftir aðgerðir. Sjúklingar eru hvattir til hreyfingar og áhersla lögð á fyrirbyggjandi þætti tengda legu. Fræðsla tengd framhaldsmeðferð og undirbúningi fyrir útskrift er mik-

ilvægur þáttur í umönnun sjúklinga. Áhersla er lögð á öryggi sjúklinga og starfsfólks, fagleg vinnubrögð, virðingu og umhyggju.

Starfsemi bæklunarskurðlækningadeildar á árinu markaðist helst af tvennu. Annars vegar var aðgangur að skurðstofu skertur samanborið við fyrra ár vegna mönnunarvanda á gjörgæslu og vöknun og einnig á skurðlækningadeild. Það átti einkum við um fyrri hluta ársins og olli fækkun á valkvæðum aðgerðum, einkum liðskiptum. Þá lét yfirlæknir deildarinnar síðustu 15 ára af þeim störfum og lækkaði starfshlutfall sitt verulega. Annar sérfræðilæknir lækkaði einnig starfshlutfall sitt þannig að um eitt virkt stöðugildi tapaðist. Þannig hefur mönnunarstaða fastra sérfræðinga versnað töluvert frá því sem verið hefur síðustu ár. Þá gengu vonir um að hafa sérnámslækni á deildinni ekki að fullu eftir. Á móti hafa sérfræðingar komið, bæði í reglulegar afleysingar, sumarafleysingar og til að sinna afmörkuðum verkefnum sem hefur létt undir með fastráðnum.

Sérfræðingar deildarinnar reyndu að sinna símenntun og sóttu þing erlendis á árinu. Má nefna ástralska hryggjarskurðlæknaþingið, Berlin shoulder course og Current concepts in Joint Replacement í Flórída.

Skurðstofur

| Lykilmælikvarðar | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|--|-------|-------|-------|-------|-------|
| Stöðugildi | 20,3 | 19,0 | 20,8 | 22,1 | 22,3 |
| Skurðaðgerðir eftir bráðleika | 3.516 | 2.845 | 3.181 | 2.640 | 2.598 |
| Bráðaaðgerðir | 768 | 767 | 916 | 960 | 867 |
| Ekki bráðar | 2.702 | 2.039 | 2.241 | 1.649 | 1.710 |
| Ekki skráð | 46 | 39 | 24 | 31 | 21 |
| Skurðaðgerðir eftir þjónustutegund (hlutfall): | | | | | |
| Ferliðgerðir | 51,2% | 51,3% | 46,9% | 41,5% | 44,6% |
| Innliggjandi aðgerðir | 48,2% | 48,1% | 52,6% | 57,9% | 54,8% |
| Ekki skráð | 0,7% | 0,7% | 0,5% | 0,6% | 0,7% |
| Skurðaðgerðir eftir aðgerðartíma (hlutfall): | | | | | |
| 1-29 mín | 42% | 40% | 35% | 36% | 35% |
| 30-59 mín | 22% | 22% | 24% | 25% | 26% |
| 60-89 mín | 21% | 20% | 21% | 22% | 20% |
| 90-119 mín | 8% | 9% | 10% | 8% | 10% |
| 120-149 mín | 4% | 4% | 4% | 4% | 4% |
| 150-179 mín | 2% | 2% | 2% | 2% | 2% |
| Meira en 180 mín | 2% | 3% | 3% | 3% | 3% |

Hlutverk

Skurðstofur er dagdeild með bakvaktþjónustu utan dagvinnutíma.

Starfsfólk

Deildarstjóri skurðstofa og sóttþreinsunar er Anna Margrét Tryggvadóttir.

Heimilud voru 12,8 stöðugildi hjúkrunarfræðinga á skurðstofum. Stöðugildi sjúkraliða og starfsfólks á lager og skoli voru 2,6. Stöðugildi starfsfólks í ræstingu voru aukin úr 3,0 í 3,9. Mönnun ræstingar var með tilkomu styttingar vinnuvikunnar orðinn mjög svo takmarkandi þáttur í starfsemi skurðstofa og því var aukning stöðugilda óumflýjanleg.

Á skurðstofum er einn skurðhjúkrunarfræðingur með sérfræðileyfi og hefur 20% stöðugildi sem slíkur. Sérfræðistaðan er mikilvæg fyrir starfsemi skurðstofanna og aðrar deildir. Sérfræðingurinn situr einnig í sýkingavarnaráði fyrir hönd skurðstofa og á árinu var unnin umfangsmikil greiningarvinna tengd sýkingum.

Tveir hjúkrunarfræðingar eru á seinna námsári í diplómanámi í skurðhjúkrun. Hjúkrunarfræðingar deildarinnar önnuðust verklega kennslu fjórða árs hjúkrunarfræðinema frá HA líkt og fyrri ár. Ennfremur sinnti skurðhjúkrunarfræðingur stundakennslu við HA. Hjúkrunarfræðingar skurðstofa sinntu líkt og fyrri ár bakvaktþjónustu á speglunardeild.

Helstu áskoranir/verkefni á árinu

Svokallaðar hryggjarvikur, þar sem flóknar hryggjaraðgerðir eru framkvæmdar í samvinnu við Frey Gauta Sigmundsson og Helenu Brisby bæklunarskurðlækna, voru fjórar á árinu. Utan þeirra voru hryggjaraðgerðir framkvæmdar jöfnum höndum og hefur öll starfsemi í kringum þær aukist til muna.

Skurðstofur fengu veglega gjöf frá Hollvinum SAK, sem er stærsta einstaka verkefni samtakanna til þessa. Um er að ræða tæki sem kallast Brainlab og er nokkurs konar leiðsögu- eða siglingartæki. Tæki sem þessi er hægt að nýta við ýmis konar aðgerðir en á SAK eru þau nýtt við aðgerðir á hrygg. Það var svo um mitt ár sem tækin voru afhent með formlegum hætti þó svo þau hafi verið komin fyrir á árinu. Starfsfólk frá Brainlab kom og hélt kynningu á tækjabúnaðinum fyrir hjúkrunarfræðinga skurðstofa.

Í október fóru tveir skurðhjúkrunarfræðingar og tveir bæklunarskurðlæknar í boðsferð til Stokkhólms á vegum ZimmerBiomet. Tilgangurinn var kynning á nýrri tegund gerviliðar fyrir SAK, s.k. hálfhné, sem stendur til að taka upp. Ferðin var einnig nýtt til að heimsækja sjúkrahúsið í Västerås og kynna sér þar verklag við bæklunaraðgerðir, aðbúnað, tækjabúnað og verklag við sýktar gerviliðsaðgerðir.

Flutningur aðseturs starfsfólks sóttþreinsunar frá því árinu áður var mikið gæfuspor og ríkir almenn ánægja með breytt fyrirkomulag. Samvinnan er betri og meiri og sömuleiðis öll yfirsýn. Á árinu var keypt ný lokunarvél fyrir sóttþreinsun en sú gamla var margra áratuga gömul.

Svæfingadeild

| Lykilmælikvarðar | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|--|-------|-------|-------|-------|-------|
| Stöðugildi | 5,8 | 5,8 | 6,1 | 6,7 | 6,9 |
| Tegund aðstoðar í skurðaðgerðum (hlutfall) | | | | | |
| <i>Svæfing</i> | 29% | 26% | 28% | 35% | 34% |
| <i>Svæfing og deyfing</i> | 18% | 20% | 25% | 25% | 28% |
| <i>Slæving og deyfing</i> | 20% | 19% | 21% | 22% | 20% |
| <i>Deyfing</i> | 29% | 29% | 22% | 10% | 9% |
| <i>Slæving</i> | 1% | 1% | 1% | 2% | 1% |
| <i>Annað/ekki skráð</i> | 4% | 3% | 3% | 6% | 7% |
| Fylgikvillar svæfinga/deyfinga/slævinga (hlutfall) | | | | | |
| <i>Án fylgikvilla</i> | 99,7% | 99,3% | 99,6% | 99,6% | 99,3% |
| <i>Með fylgikvillum</i> | 0,3% | 0,7% | 0,4% | 0,4% | 0,7% |
| Deyfingar í skurðaðgerðum (hlutfall) | | | | | |
| <i>Engin</i> | 32% | 32% | 32% | 43% | 43% |
| <i>Staðdeyfing</i> | 38% | 38% | 34% | 23% | 27% |
| <i>Mænudeyfing</i> | 19% | 19% | 21% | 22% | 19% |
| <i>Utanbastsdeyfing</i> | 2% | 3% | 4% | 3% | 2% |
| <i>Aðrar deyfingar</i> | 8% | 8% | 10% | 9% | 9% |

Hlutverk

Svæfingadeild er dagdeild með bakvaktaskyldu utan dagvinnutíma. Hlutverk deildarinnar er að sinna sjúklingum sem þurfa á svæfingu, deyfingu og/eða slævingu að halda vegna skurðaðgerðar, rannsóknar eða annars. Markmið svæfingadeildar er að veita bestu mögulegu þjónustu og tryggja þannig öryggi sjúklinga og velferð þeirra í skurðaðgerðaferlinu.

Svæfingahjúkrunarfræðingar veita sérhæfða hjúkrun sjúklinga sem þurfa svæfingu, deyfingu og/eða slævingu, öndunaraðstoð, endurlífgun og aðra lífsnauðsynlega bráðaaðstoð. Þjónustan er að mestum hluta veitt á skurðstofum

fyrir skurðaðgerðir en einnig fer hluti starfseminnar fram á myndgreiningadeild þar sem liðsinni svæfingateymis er veitt sjúklingum sem þurfa svæfingu vegna ýmis konar rannsókna. Að auki koma svæfingahjúkrunarfræðingar að bráðatilfellum á bráðamóttöku ef á þarf að halda.

Starfsfólk

Heimiluð stöðugildi svæfingahjúkrunarfræðinga voru 5,8, setin af sjö svæfingahjúkrunarfræðingum. Auk þess var eitt stöðugildi deildarstjóra.

Deildarstjóri er Sólveig Björk Skjaldardóttir.

Helstu áskoranir/verkefni á árinu

Frá janúar til loka mars var samdráttur í valstarfseminni á skurðstofum vegna mikillar mannekle á gjörgæsludeild. Daglega lagði svæfingadeildin til einn svæfingahjúkrunarfræðing á vöknun til aðstoðar gjörgæslu svo að unnt væri að halda uppi starfsemi á skurðstofum. Einnig mönnumu svæfingahjúkrunarfræðingar vöknun að fullu í sjö vikur um sumarið vegna mannekle á gjörgæsludeild. Þess vegna var dregið enn frekar niður í sumarstarfseminni en venja hefur verið.

Fræðslu- og gæðamál

Einn svæfingahjúkrunarfræðingar sótti sér kennsluréttindi fyrir ALS endurlífgunarnámskeið í Króatíu og eru þá þrjú svæfingahjúkrunarfræðingar með slík kennsluréttindi og koma að kennslu á endurlífgunarnámskeiðum á SAK. Einn svæfingahjúkrunarfræðingur er formaður endurlífgunarráðs og einn á sæti í skurðstofunefnd. Einn svæfingahjúkrunarfræðingur sinnir bóklegri kennslu í bráðahjúkrun við HA. Svæfingadeildin sinnir klíniskri kennslu fjórða árs hjúkrunarnema við HA og fékk deildin viðurkenningu á árinu sem framúrskarandi námsdeild fyrir hjúkrunarnema. Einn svæfingahjúkrunarfræðingur fór utan til hjálparstarfs á heilsugæslustöð í Kubuneh í Gambíu.

Vinna við gæðahandbók deildarinnar er stöðug með áherslu á öryggi sjúklinga og starfsfólks.



Eldhús

| Lykilmælikvarðar | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|------------------------------|------|------|------|------|------|
| Stöðugildi | 18,9 | 18,6 | 20,4 | 21,0 | 21,7 |
| Rabbabarasulta, framleidd kg | 228 | 78 | 200 | - | 184 |

Hlutverk

Hlutverk eldhússins er að matreiða bragðgóðan og næringaríkan mat fyrir sjúklinga og starfsfólk SAK. Starfsemi eldhússins þarf að uppfylla markmið embætti landlæknis.

Starfsfólk

Það eru sjö matartæknar þar sem tveir þeirra eru einnig vaktstjórar og aðrir tveir gæðaverðir. Almennt starfsfólk er 14. Unnið er í vaktavinnu frá kl. 7:30-20:00.

Deildarstjóri var Haukur Gröndal.

Helstu áskoranir / verkefni á árinu

Starfsemin var með líku sniði og undanfarin ár þar sem unnið er eftir matseðlum, sem eru sem fyrr í flestum tilvikum, fimm vikna seðlar sem rúlla og öll frávik frá þeim eru skráð. Það gefur möguleika á rekjanleika ef þörf krefur. Við gerð matseðlanna er áhersla lögð á næringu, bragð, gæði, útlit og verð. Það eru alls 12 fæðisgerðir sem eru með fimm vikna matseðla og níu fæðisgerðir eru

með vikumatseðla. Tekið er mið af ráðleggingum varðandi daglega skammta frá landlækniseimbættinu.

Virkt innra eftirlit tryggir öryggi, gæði og hollustu framleiðslu eldhússins. Verslað er við viðurkennda birgja og mikil áhersla lögð á að allar vörur sem koma í hús séu í lagi og þeim skilað sem uppfylla ekki kröfur eldhússins. Rúm 184 kg. af rabarbarasultu voru gerð. Opið er allan sólarhringinn í borðsal starfsfólks og getur starfsfólk SAK keypt samlokur, skyr, safa og fleira.

Gæðaverðir sinntu gæðastjórnun á deildinni og það felst m.a. í því að taka sýni einu sinni í mánuði til að kanna hreinlæti og þrif, ásamt vinnu við gæðahandbók SAK. Matseðill fyrir sjúklinga er í Timian en fyrir starfsfólk, á innri síðu SAK og á Facebook-síðu starfsfólks SAK.

Nefndastörf

Tveir starfsmenn eldhússins sitja í næringarteymi; deildarstjóri og matartæknir. Fundir eru haldnir einu sinni í mánuði. Einn starfsmaður eldhússins er í umhverfisnefnd.



Lyfjapjónusta

| Lykilmælikvarðar | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|-----------------------------------|------------|------------|------------|------------|------------|
| Stöðugildi | 4,7 | 4,5 | 4,8 | 5,0 | 7,3 |
| Krabbameinslyfjablandanir, fjöldi | 2.082 | 1.763 | 2.050 | 2.180 | 2.273 |
| <i>Par af flóknar blöndur</i> | <i>148</i> | <i>118</i> | <i>133</i> | <i>176</i> | <i>222</i> |
| Blöndunardagar (fjöldi) | 181 | 183 | 201 | 180 | 201 |
| Heildarsala í m.kr. | 555,8 | 600,3 | 687,1 | 794,6 | 791,0 |

Hlutverk

Lyfjapjónustan (áður nefnt sjúkrahúsapótek) starfar á grundvelli lyfjalaga nr. 100/2020. Meginhlutverk þess er að bera ábyrgð á að afla lyfja, geymslu þeirra, færslu tilskilinna skráa og eftirliti með notkun lyfja.

Markmið starfsfólks lyfjapjónustunnar er að gera hagstæð innkaup á lyfjum miðað við lyfjaframboð og þarfir sjúklinga hverju sinni, bæta nýtingu lyfja í nánu samstarfi við annað heilbrigðisstarfsfólk, auka öryggi við lyfjanotkun og umsýslu lyfja, veita faglegar upplýsingar um lyf og lyfjanotkun til sjúklinga og annars heilbrigðisstarfsfólks, sjá til þess að lyf séu geymd og meðhöndluð við tilskildar aðstæður og að hafa virkt eftirlit með notkun og umsýslu lyfja á deildum. Í lyfjapjónustu fer einnig fram blöndun á krabbameins- og líftæknilyfja við staðlaðar aðstæður fyrir göngudeildarsjúklinga og innliggjandi sjúklinga.

Starfsfólk

Jóna Valdís Ólafsdóttir er deildarstjóri.

Helstu áskoranir/verkefni á árinu

Helstu áskoranir á árinu 2023 voru flutningur lyfjapjónustunnar á nýjan stað og mikil aukning á verkefnum bæði innan deildar og utan.

Breytingar/nýjungar á árinu

Lyfjapjónustan fékk nýtt nafn á árinu í tengslum við flutning deildarinnar og breytt skipurit. Lyfjapjónustan, sem hét áður sjúkrahúsapótek, færðist samkvæmt nýju skipuriti af lyflækningasviði og undir nýtt svið rekstrar og klínískrar stoðþjónustu þann 1. september 2023.

Þann 12. apríl 2023 flutti lyfjapjónustan aðalstarfsemi sína úr kjallara og í nýstandsett rými á 3. hæð. Langur aðdragandi var að þessum flutningum. Mörkuð var stefna fyrir starfsemina árið 2013, undirbúningur hófst árið 2016 en framkvæmdir fóru ekki almennilega í gang fyrr en í ársbyrjun 2022. Þeim lauk loks á vordögum 2023 og var þá langbráðum áfanga náð. Helstu breytingar í nýrri aðstöðu eru að lyfjapjónusta SAK hefur nú fullkomið hreinrými til



blöndunar á krabbameins- og líftæknilyfjum sem samræmist stöðlum um góða starfshætti í lyfjaframleiðslu (GMP), auk uppfærðrar og betri aðstöðu til birgðastýringar, aðstöðu fyrir magistrel lyfjaframleiðslu og stórbætta vinnuáðstöðu fyrir starfsfólk. Þessi flutningur markar ákveðin tímamót í sögu lyfjaþjónustu SAK. Auk þess að uppfylla nú þær kröfur sem stjórnvöld gera til starfseminnar er lyfjaþjónustan mun betur í stakk búin til að auka þjónustu við sjúklinga og annað heilbrigðisstarfsfólk og leggja þannig sitt af mörkum fyrir samfélagið.

Aukning varð á stöðugildum lyfjaþjónustu á árinu. Verkefni lyfjaþjónustu hafa aukist verulega að undanfögnu, bæði utan deildar og innan, s.s. í lyfjaherbergjum deilda, í lyfjaframleiðslu nýs hreinrýmis, samstarf við LSH um sýklalyfjadælu, samstarf við LSH um uppfærslu lyfjafyriræmlakerfis LSH og önnur sérhæfð lyfjatengd verkefni.

Lyfjatæknar lyfjaþjónustu sinna nú lyfjatengdri þjónustu á ákveðnum deildum sjúkrahússins en þjónusta þeirra er fjórpætt: a) Birgðaðþjónusta, b) Lyfjablöndun, c) Lyf heim/nestun, d) Lyfjatiltekt. Þessi þjónusta var innleidd á árinu á lyflækningadeild og skurðlækningadeild. Á þessum deildum sjá lyfjatæknar nú m.a. um lyfjapantanir, áfyllingar og frágang, talningar á eftirritunarskyldum lyfjum og yfirferð fyrninga, koma að lyfjablöndunum ýmissa lyfja, s.s. sýklalyfja, skammta lyf fyrir sjúklinga sem þurfa nestun heim og lyfjatiltekt eða skömmtun lyfja fyrir inniliggjandi sjúklinga á deild. Fæðingadeild er einnig í birgðaðþjónustu lyfjatækna.

Viðbótartölfræði lyfjaþjónustunnar

Heildarsala lyfjaþjónustunnar á lyfjum var 791,0 m.kr. og dróst saman um 3,6 m.kr. eða -0,5% miðað við árið á undan. Leyfisskyld lyf (L-merkt lyf) eru greidd af LSH og heildarsala þeirra var 551,5 m.kr. eða um 70% af heildarsölu sem er svipað hlutfall og árið áður. Kostnaður við leyfisskyld lyf lækkaði nokkuð frá fyrra ári eða um 23,6 m.kr. sem er 4,1% lækkun. Sala á lyfjum sem ekki fást endurgreidd frá LSH var því mismunurinn eða 239,5 m.kr. en það er um 20 m.kr. aukning frá fyrra ári eða 9,1%.

Fjöldi seldra lyfjaeininga á deildir, s.s. pakkar, þynnur eða glös, var um 270 þúsund einingar sem er tæplega 6% aukning frá fyrra ári.

Blandanir á krabbameinslyfjum urðu 2.273 á árinu sem er 4,3% fleiri blandanir en árið áður. Fjöldun lyfjablandana hefur verið stöðug frá upphafi talninga og búist er við áframhaldandi vexti í tengslum við mannfjöldaspár, hækkandi meðalaldur og spá um nýgengi krabbameina. Fjöldi líftæknilyfja og flókinna blandana sem taka lengri tíma í vinnslu er einnig töluvert meiri en áður. Þar hefur aukning orðið um 26% frá fyrra ári. Blöndun fór fram að meðaltali 17 daga í hverjum mánuði sem er um 78% allra virkra vinnudaga. Það er aukning um tæplega 12% frá fyrra ári.

Miðstöð heilbrigðisgagnafræðinga

| Lykilmælikvarðar | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|-----------------------------------|--------|--------|--------|--------|--------|
| Stöðugildi | 24,6 | 24,3 | 24,5 | 24,1 | 24,7 |
| Fjöldi flokkaðra lega í DRG* | 3.722 | 3.228 | 3.890 | 3.747 | 3.868 |
| þar af á villu | 595 | 478 | 408 | 11 | 0 |
| Fjöldi flokkaðra ferlikoma í DRG* | 42.719 | 36.393 | 44.156 | 42.918 | 44.524 |
| þar af á villu | 13.811 | 12.359 | 15.954 | 9.697 | 4.518 |
| Læknabréf, fjöldi útgefin | 14.505 | 12.719 | 14.513 | 14.670 | 14.812 |
| Vottorð, fjöldi útgefin | 6.616 | 5.382 | 6.500 | 5.922 | 6.221 |

*Þjónustuflokkar í samningi um DRG

Hlutverk

Samhliða hefðbundnum störfum heilbrigðisgagnafræðinga og ritara lækna var lögð enn frekari áhersla á aðkomu þeirra við samræmingu skráningar í sjúkraskrárkerfi SAK. Heilbrigðisgagnafræðingar hafa hvað bestu innsýn inn í hvað þarf til að skráning, öryggi og aðgengi gagna sé áreiðanlegt og eru virkir þátttakendur í umbótaverkefnum og framþróun vinnulags sem og verkferla. Þátttaka heilbrigðisgagnafræðinga í ýmiss konar sérverkefnum og stýrihópum var enn og aftur áberandi á árinu og má þar nefna DRG, vaktalistar, gæðaúttektum og vottorðagerð.

Starfsfólk

Miðstöð heilbrigðisgagnafræðinga er breiðfylking og er starfsfólk hennar dreift víða um húsið á öllum helstu deildareiningum. Stöðugildi í lok árs voru 24,35. Heimild til sumarafleysinga var eitt stöðugildi yfir 12 vikna tímabil vegna álags yfir hásumartímann.

Deildarstjóri er Guðrún Jóhannesdóttir.

Helstu áskoranir/verkefni á árinu

SAK hefur í samræmi við heilbrigðisstefnu stjórnvalda sem nær til ársins 2030 gert samning við SÍ um þjónustutengda fjármögnun sjúkrahússins sem tekur til klínískrar starfsemi á SAK. DRG (e: Diagnosis Related Groups), nýst um að kostnaðargreina starfsemi sjúkrahússins í gegnum kóðun sjúkdóma og skráningu sjúkdómsgreininga. Heilbrigðisgagnafræðingar hafa ásamt riturum lækna tekið að sér yfirumsjón skráninga og eftirlits með vikulegum „villu“ listum, sem sýna ófullnægjandi greiningar, skráningar og ófrágengin eyðublöð, svo dæmi séu tekin.

Samkvæmt skilgreiningu í DRG samningum þurfa skráningar, sjúkdómsgreiningar og/eða meðferðir að vera skráðar m.t.t. DRG flokkunar í sjúkraskrá. Við útskriftir af legudeildum og öllum komum á dag, göngu- og bráðadeildum þarf framangreint að vera fyrirliggjandi og miða við læknisfræðilegt ástand sjúklings og veitta meðferð. Embætti landlæknis tók út legudeildarhlutann fyrir árið 2023 og kom í ljós að allar legur voru kóðaðar og frágengnar.



Miðstöð heilbrigðisgagnafræðinga hefur öflugan gæðavörð sem tók virkan þátt í gæðaúttektum og vann við vöktunarrýni fyrir gæðaúttekt DNV-GL sem gerð var á árinu.

Breytingar/nýjungar á árinu

Á árinu var sett í gang verkefni við að kortleggja innra starf deildarinnar og í kjölfar þess hófst endurskoðun, samræming og innleiðing á verklagi og verkferlum. Á lyflækningadeild var breytt verklag þróað með þátttöku heilbrigðisgagnafræðinga varðandi gerð læknabréfa og vottorða.

Myndgreiningadeild/myndgreiningalækningar

| Lykilmælikvarðar | 2019 | | 2020 | | 2021 | | 2022 | | 2023 | |
|---------------------------------|---------------|------------------|---------------|------------------|---------------|------------------|---------------|------------------|---------------|------------------|
| Stöðugildi | 19,7 | | 18,8 | | 21,4 | | 21,4 | | 22,3 | |
| Myndgreiningarannsóknir: | Fjöldi | Einingar | Fjöldi | Einingar | Fjöldi | Einingar | Fjöldi | Einingar | Fjöldi | Einingar |
| Tölvusneiðmyndir | 6.056 | 626.373 | 5.971 | 626.863 | 7.558 | 786.641 | 8.153 | 858.666 | 8.944 | 936.892 |
| Segulómrannsóknir | 3.983 | 678.830 | 3.690 | 625.130 | 4.310 | 723.980 | 4.397 | 728.710 | 4.879 | 826.730 |
| Röntgenmyndir | 12.035 | 273.459 | 8.915 | 202.828 | 11.202 | 254.546 | 10.840 | 249.320 | 11.540 | 264.169 |
| Skyggirannsóknir | 769 | 60.486 | 770 | 60.968 | 907 | 66.362 | 786 | 62.844 | 822 | 65.648 |
| Ómskoðanir | 4.194 | 215.200 | 3.271 | 164.990 | 3.561 | 173.703 | 3.146 | 153.820 | 3.405 | 164.825 |
| Beinþéttmælingar | 258 | 9.630 | 225 | 8.460 | 248 | 9.540 | 405 | 18.180 | 401 | 18.000 |
| Röntgen utan deildar | 202 | 7.766 | 211 | 7.933 | 215 | 8.819 | 226 | 8.723 | 192 | 7.798 |
| Skygging skurðst. | 407 | 28.007 | 406 | 28.462 | 534 | 36.338 | 569 | 38.785 | 582 | 40.111 |
| Annað | 40 | 210 | 30 | 84 | 25 | 63 | 38 | 126 | 70 | 189 |
| Brjóstarrannsóknir | 2.556 | | 1.752 | | 2.714 | | 2.525 | | 2.754 | |
| Samtals | 30.500 | 1.899.961 | 25.241 | 1.725.718 | 31.274 | 2.059.992 | 31.085 | 2.119.174 | 33.589 | 2.324.362 |
| Fjargreiningar | 9.532 | | 9.243 | | 9.620 | | 9.674 | | 9.837 | |

Hlutverk

Myndgreiningadeild framkvæmir og greinir myndrannsóknir á SAK og sinnir einnig greiningu og ráðgjöf fyrir HSN og HSA.

Myndgreiningadeild býður upp á þjónustu allan sólarhringinn, allt árið um kring.

Deildin framkvæmir tölvusneiðmyndarannsóknir, segulómrannsóknir, röntgenmyndatökur, röntgen- myndatökur með færanlegu tæki, skyggni/hreyfiröntgenmyndatökur, ómmynda-
tökur, brjóstamyndatökur og beinþéttmælingar. Einnig eru framkvæmdar valdar myndstýrðar sýnatökur og inngripsaðgerðir.

Starfsfólk

Á myndgreiningadeild störfuðu 14-15 geislafræðingar í rúmlega 12 stöðugildum og þrjár sérhæfðir aðstoðarmenn í þremur stöðugildum. Í myndgreiningalækningum störfuðu fimm myndgreiningalækningar í fimm stöðugildum. Einnig fór fram verkleg kennsla geislafræðinema, læknanema og deildarlækna á myndgreiningadeild.

Helstu áskoranir/verkefni á árinu

Fjöldi rannsókna (utan fjargreininga) á myndgreiningadeild á árinu 2023 voru 33.589. Aukning á milli árána 2022 og 2023 eru 9,7% út frá einingum og 8,1% út frá fjölda rannsókna en þetta er meiri aukning á deildinni en gengur og gerist og þar sem aukning eininga er þónokkuð hærri en

aukning rannsókna þá er ljóst að það er áframhaldandi aukning á þyngri rannsóknum s.s. tölvusneiðmyndum (CT) og segulómunum (MR) og einnig eru aukning á flóknari rannsóknum í CT og MR sem skýrir þennan mun.

Á árinu voru fjargreiningar alls 9.837 sem jafnframt er met, en aukning hefur verið á umfangi þessarar þjónustu undanfarin ár. Um er að ræða úrlestur rannsókna fyrir Blönduós, Sauðárkrók, Siglufjörð, Dalvík, Húsavík, Þórshöfn, Vopnafjörð, Egilsstaði og Neskaupsstað.

Myndgreiningadeild tók í gagnið tvö ný tölvusneiðmyndatæki á árinu. Um er að ræða nýjustu tækni tölvusneiðmyndatækja frá framleiðandanum General Electric (GE). Fram til þessa hefur einungis verið eitt tölvusneiðmyndatæki SAK og mun þessi fjölgun tölvusneiðmyndatækja stórauka öryggi við greiningu á SAK.

Rannsóknadeild/rannsóknalækningar

| Lykilmælikvarðar | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|-------------------------|---------|---------|---------|---------|---------|
| Stöðugildi | 21,2 | 22,3 | 23,1 | 23,5 | 23,4 |
| Rannsóknir, fjöldi: | 284.183 | 267.298 | 315.554 | 333.157 | 282.249 |
| <i>Flexlab</i> | 274.162 | 256.978 | 260.413 | 280.558 | 269.838 |
| <i>PCR-COVID-19</i> | | 20 | 699 | 396 | 29 |
| <i>PRC-COVID-19 (L)</i> | | 990 | 44.065 | 41.069 | 240 |
| <i>TD-lims/Glims</i> | 10.021 | 9.310 | 10.377 | 11.134 | 12.142 |

Hlutverk

Rannsóknadeild sinnir rannsóknum á sýnum frá sjúklingum, t. d. rannsóknum á blóði, þvagi, saur, mænuvökva, liðvökva, holvökvum og sæðisrannsóknir ásamt því að pakka og senda sýni til annarra aðila ef þörf krefur. Unnið er í dagvinnu og utan þess eru bakvaktir allan sólarhringinn alla daga ársins. Deildin samanstendur af fjórum fagsviðum og er ein sinnar tegundar á landinu m.t.t. fjölbreyttra sviða. Á deildinni eru gerðar rannsóknir í klínískri lífefnafræði, blóðmeinafræði, sýkla- og veirufræði og blóðbankarannsóknir. Á deildinni er móttaka sjúklunga í blóðsýnatöku ásamt því að starfsfólk deildarinnar fer í blóðtökur á deildir tvisvar sinnum daglega. Móttaka sýna frá öðrum stofnunum er einnig á deildinni.

Starfsfólk

Stöðugildi við rannsóknadeild í árslok 2023 voru 26,7 auk 0,5 stöðugildis yfirlæknis.

Yfirlæknir deildarinnar er Ólöf Sigurðardóttir. Deildarstjóri er Inga Stella Pétursdóttir.

Helstu áskoranir/verkefni á árinu

Helstu áskoranir deildarinnar eru mönnun, sýkladeildarhlutinn, húsnæðiskostur og varanlegt starfsleyfi við greiningar á tilkynningaskyldum sjúkdómum.

Vaktaálag vegna bakvakta hefur verið mjög íþyngjandi á deildinni og bætist ofan á alla almenna dagvinnu. Þetta hefur í för með sér mikla uppsöfnun á hvíldarfrú sem ekki næst að taka út en starfsfólk er engu að síður hvatt til að taka út þegar svigrúm skapast.

Sýkladeildin notar ennþá gamaldags handaðferðir við að greina bakteríur og getan til að greina nýjar tegundir ekki lengur til staðar þar sem greiningarpróf sem notuð eru gömul og sum þeirra ófánleg þar sem langflestar sýkladeildir notast í dag við Maldi-tof massagreini við



tegundagreiningu á bakteríum. Mikilvægt að horfa til þess að deildin verði með slíka greiningarmöguleika til þess að nútímafæra deildina, efla greiningagetu og fækka legudögum sjúklunga.

Mikilvægt er að bæta húsnæðið m.t.t. starfsemi.

Starfsleyfi fyrir tilkynningarskylda sjúkdóma. Sótt var um framlengingu á tímabundnu leyfi frá Embætti landlæknis í júlí til þess að greina tilkynningaskylda sjúkdóma eins og áður. Framlenging fékkst í eitt ár. Til að fá varanlegt starfsleyfi þarf að koma til, betri og nútímalegri greiningarbúnaður ásamt ISO stöðlun.

Blóðbankastarfsemi

Umfang blóðbankastarfsemi á vegum rannsóknadeildar SAK verður gefið upp með ársskýrslu blóðbankans í Reykjavík eins og áður.



Hlutverk

Rekstrardeild er ein af stoðdeildum sjúkrahússins. Hlutverk deildarinnar er að tryggja sjúkrahúsinu rekstrarumhverfi með þjónustu á sviði fasteigna, innkaupa, vörustjórnunar og tækniþjónustu. Deildin annast viðhald fasteigna og tækja, sér um innkaup, gerð útboðslýsinga og samskipti við birgja ásamt umsjón og stýringu aðfanga. Rekstrardeild samanstendur af húsumsjón, saumastofu, tæknideild og vörulager.

Eitt af markmiðum deildarinnar er að auka fyrirbyggjandi viðhald á fasteignum, kerfum, lækningatækjum og búnaði.

Tæknideild annast viðhald og eftirlit varðandi lækningatæki, rafkerfi, öryggis- og aðgangsstýrikerfi og loftræstikerfi sjúkrahússins. Deildin heldur utan um móttöku, skráningu tækja og pantanir á varahlutum.

Húsumsjón sér um rekstur og viðhald lóða og húseigna við Eyrarlandsveg, Kristnesspítala, leigu- og eignaríbúða á Akureyri og starfsmannahús Kristnesspítala. Viðhaldi og endurbótum húsnæðis er ýmist sinnt af starfsfólki eða með aðkeyptri verktakavinnu. Flutningar á munum, líni og sorpi innan sjúkrahússins eru einnig meðal verkefna einingarinnar.

Rekstrardeild (tæknideild, lager, húsumsjón)

| Lykilmælikvarðar | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|------------------|------|------|------|------|------|
| Stöðugildi | 18,8 | 19,6 | 20,4 | 19,2 | 21,2 |

Saumastofan sér um að sauma og viðhalda líni og starfsmannafatnaði sem notaður er á sjúkrahúsinu. Saumastofan er staðsett í kjallara húsumsjónar.

Vörulager hefur umsjón með innkaupum og afgreiðslu á rekstrarvörum og vörum til hjúkrunar og lækninga.

Starfsfólk

Fjöldi stöðugilda eru um 21. Forstöðumaður rekstrardeildar er Gunnar Líndal Sigurðsson til 1. nóvember 2023 og enginn eftir það vegna breytinga innan stjórnskipulags.

Rekstrardeild: Þóra Björg Stefánsdóttir, verkefnastjóri innkaupa frá 2. maí 2023.

Tæknideild: Stefán Helgi Garðarsson, teymisstjóri.

Húsumsjón: Hannes Reynir Ragnarsson, teymisstjóri til 1. mars 2023, verkefnastjóri frá 1. mars 2023. Karl Ólafur Hinriksson, teymisstjóri frá 1. mars 2023.

Vörulager: Brynja Sigurðardóttir, teymisstjóri.

Saumastofa: Hrafnhildur Fríða Gunnarsdóttir, teymisstjóri.

Helstu áskoranir/verkefni á árinu

- Framkvæmdir og opnun nýrrar lyfjaþjónustu (áður sjúkrahúsapótek).
- Framkvæmdir og innrétting á tengibyggingu 3. hæðar B-álm.
- Framkvæmdir við útsvæði við B-inngang og ný vatnsinntök.
- Uppsetning og húsnæðisbreytingar í tengslum við tvö ný tölvusneiðmyndataeki.
- Endurbætur á skurðstofum.
- Innrétting hjólageymslu á Kristnesi.
- Uppsetning og framkvæmdir í tengslum við nýja lyftu í norðurenda B-álm.
- Endurnýjun tækja og búnaðar.
- Almennar framkvæmdir og viðhald á húsnæði við Eyrarlandsveg og Kristnes.



Ræstimiðstöð

| Lykilmælikvarðar | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|------------------|------|------|------|------|------|
| Stöðugildi | 20,3 | 20,1 | 23,9 | 30,5 | 33,8 |
| Lokaþríf, fjöldi | 104 | 289 | 285 | - | 540 |

Breytingar urðu á starfsemi ræstimiðstöðvar og miðlæg aðstoð tók til starfa í byrjun maí. Fjöldi starfsfólks er 50 í 36 stöðugildum þar af 7,8 stöðugildi í miðlægri aðstoð. Framkvæmd voru 540 lokaþríf á árinu.

Upplýsingatæknideild

| Lykilmælikvarðar | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|------------------|-------|-------|-------|-------|-------|
| Stöðugildi | 9,8 | 10,7 | 11,5 | 9,7 | 9,4 |
| Verkbeiðnir | 2.556 | 3.417 | 3.816 | 3.275 | 3.199 |

Starfsfólk

Fjöldi stöðugilda er tíu á deildinni og er það fullnýtt í dag en miklar breytingar á starfsmannahaldi urðu á árinu sem olli miklu álagi á deildina. Deildarstjóri frá áramótum til loka febrúar var Sigmundur Björnsson. 1. mars tók Garðar Már Birgisson við til ársloka 2023.

Hlutverk

Upplýsingatæknideild (UTD) rekur tölvukerfi sjúkrahússins, netþjóna, netkerfi, vinnustöðvar og jaðartæki. Deildin tryggir öryggi gagna með fyrir fram ákveðnum verklagsreglum eftir viðurkenndum gæðastöðlum og ber ábyrgð á því að allir miðlarar og hugbúnaður séu í viðunandi ásigkomulagi. Netþjónar eru hýstir í öruggum kerfisrymum og mikil áhersla er lögð á öryggismál og almennt tölvuöryggi notenda. Eftirlit með aðgengi að upplýsingakerfum og afritunartöku er í umsjón deildarinnar. UTD ber ábyrgð á rekstri sjúkraskrárgagna í sameiginlegum gagnagrunni Sögukerfisins á Norðurlandi. Þá þjónustar deildin aðrar heilbrigðisstofnanir á Norður- og Austurlandi hvað varðar t.a.m. myndgreiningakerfi. Deildin sér um innkaup á tölvubúnaði og jaðartækjum, hefur umsjón með greiningu á þörfum og tæknilegum kröfum, vali og innleiðingu lausna á sviði upplýsingatækni. Þekking og reynsla innan deildarinnar er mjög sérhæfð hvað varðar þjónustu klínískra hugbúnaðarkerfa. Kerfi eru oft á tíðum flókin og krefjast víðtækrar þekkingar.

Helstu áskoranir/verkefni á árinu

- Undirmönnun deildarinnar sem og deildarstjóra skipti.
- Almenn aðgangs- og öryggismál.

Breytingar/nýjungar á árinu

- Deildarstjóraskipti urðu á árinu með tilheyrandi áskorunum.
- Framþróun s.s. vöruhús gagna, sjálfvirkni o.fl.
- ISO 27001 öryggisúttekt.

Mannauðsdeild

| Lykilmælikvarðar | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|-------|-------|-------|-------|-------|
| Stöðugildi mannauðsdeildar | 7,9 | 7,5 | 8,4 | 6,9 | 7,6 |
| Stöðugildi skrifstofu forstjóra | 6,4 | 6,1 | 7,3 | 2,8 | 1,6 |
| Stöðugildi SAK, ársmeðaltal | 517 | 518 | 562 | 582 | 606 |
| Áætluð stöðugildi SAK | 503 | 527 | 556 | 587 | 597 |
| Hlutfall kynja með ótímabundna ráðningu | | | | | |
| <i>Karlar</i> | 14,1% | 14,4% | 14,4% | 14,2% | 15,4% |
| <i>Konur</i> | 85,9% | 85,6% | 85,6% | 85,8% | 84,6% |
| Aldursbil starfsmanna (ótímabundin ráðning) | | | | | |
| <i>15-19 ára</i> | 0,5% | 0,3% | 0,4% | 0,1% | 0,1% |
| <i>20-24 ára</i> | 4,7% | 3,9% | 3,4% | 2,1% | 1,8% |
| <i>25-44 ára</i> | 37,8% | 38,5% | 38,8% | 39,3% | 39,7% |
| <i>45-64 ára</i> | 49,5% | 49,4% | 49,9% | 50,2% | 50,4% |
| <i>65-74 ára</i> | 7,5% | 7,9% | 7,5% | 8,3% | 8,0% |
| Ótímabundin ráðning (stöðugildi) | 468 | 468 | 502 | 519 | 524 |
| Starfsmannavelta (ótímabundin ráðning) | 6,3% | 7,2% | 5,9% | 7,4% | 9,4% |

Hlutverk

Mannauðsdeild sér um framfylgd stefnu í mannauðsmálum, ráðgjöf og aðstoð í starfsmannamálum, hefur aðkomu að gerð kjarasamninga eftir atvikum, umsjón með gerð og framkvæmd stofnanasamninga, launavinnslu, jafnlaunakerfi, umsjón með ráðningum og heilsuefningu starfsfólks. Þá veitir deildin ráðgjöf og stuðning í starfsmannamálum þvert á allar einingar.

Starfsfólk

Stöðuheimildir mannauðsdeildar eru níu.

- Deildarstjóri 1
- Mannauðsráðgjafi kjaramála 1
- Mannauðsráðgjafar 2
- Mannauðsfulltrúar (laun) 5

Deildarstjóri er Kristjana Kristjánsdóttir frá 1. september 2023 en fram að því var mannauðsstjóri í því hlutverki.

Helstu áskoranir/verkefni á árinu

Mönnun var áskorun á árinu og var átaksverkefninu Komdu í lið með okkur! hleypt af stokknum á vormánuðum ásamt breytingum á starfsauglýsingum í kjölfarið. Átakið fól í sér gerð kynningarmyndbanda sem gefa innsýn í störf hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra á SAK. Myndböndin voru meðal annars notuð með starfsauglýsingum. Komdu í lið með okkur! vakti athygli og skilaði árangri í ráðningum í stöður. Einnig var brugðist við mönnun með ráðningu erlendra hjúkrunarfræðinga í samvinnu við ráðningarskrifstofu.

Verkefni launavinnslu voru að venju mörg á árinu, m.a. vinna við verklagsreglur og vinnuleiðbeiningar ásamt hefðbundnum störfum mannauðsfulltrúa er tengjast launum. Aukning var í ráðningum á erlendu starfsfólki og aukið aðgengi að húsnæði fyrir starfsfólk og nema í umsjón mannauðsdeildar. Samræming verktakasamninga og yfirfærsla á rafrænt form er á lokametrunum og verður klárað að fullu árið 2024. Endurskoðun og gerð stofnanasamninga var hluti af verkefnum ársins sem og fundir með fulltrúum stéttarfélaganna. Í árslok hlaut sjúkrahúsið áframhaldandi jafnlaunavottun og fylgir mannauðsráðgjafi kjaramála eftir rekstri jafnlaunakerfis.

Breytingar/nýjungar á árinu

Fræðsluverkefni sem voru áður á ábyrgð mannauðsdeildar færðust yfir á mennta- og vísindadeild á árinu.

Á árinu var mikil áhersla lögð á ráðgjöf og aðstoð við stjórnendur og stuðning við starfsfólk. Sett var af stað



Velferðartorg þar sem starfsfólki gafst kostur á að velja milli fjölmargra fagaðila og hver starfsmaður gat sótt þrjá tíma á kostnað SAK. Velferðartorgið fór vel af stað og góð nýting á meðferðum sem þar er boðið uppá. 440 starfsmenn höfðu bókað sér fyrsta tíma í desember 2023 sem gera 60% starfsfólks. Samtals voru bókaðir 1.185 tímar árið 2023. Stuðningur við stjórnendur var aukinn á árinu hvað varðar ráðningar, breytingartilkynningar og önnur mál tengd launavinnslu.

Átaksverkefnið við að yfirfara ráðlagðar bólu-setningar starfsfólks lauk á árinu.

Áhersla var áfram á bætt samskipti og jákvæða vinnustaðameningu. Stuðningur var aukinn við starfsfólk í langtíma veikindum. Deildarstjóri og mannauðsráðgjafar veita stjórnendum stuðning við viðveru- og endurkomusamtöl við starfsfólk, gerð hlutaveikindasamninga og trúnaðarlæknabeiðna ásamt almennri ráðgjöf til starfsfólks og stjórnenda. SAK hefur boðið

starfsfólki sínu sem það kys að koma aftur til vinnu eftir langtímaveikindi gegnum Virk starfsendurhæfingu, með svo kölluðum vinnu-prufusamningum. Þar getur starfsfólk unnið upp vinnuþol og bata á sínum forsendum í samráði við næsta yfirmann og ráðgjafa VIRK.

Mannauðsráðgjafi heldur einnig utan um vinnuslys starfsfólks, tilkynningar, endurgreiðslu og umsókn til SÍ.

Starfsfólki býðst árlegur heilsustyrkur gegn framvísun kvittunar fyrir ýmis konar heilsuiðkun og voru samtals greiddir 321 styrkir á árinu.

Starfsfólk á SAK

Raunstöðugildi árið 2023 voru 606 og eru það um 758 starfsmenn. Einn af gæðavísium SAK er að starfsmannavelta sé undir 10% og náðist það markmið.

Samskiptafulltrúi

Hlutverk

Hlutverk samskiptafulltrúa er að auka vitund og traust samfélagsins til starfsins á SAK og greiða aðgengi sjúklinga, aðstandenda og starfsfólks að upplýsingum um SAK.

Starfsfólk

Katrín Árnadóttir var ráðin í 80% starf samskiptafulltrúa 1. ágúst 2023. Samskiptafulltrúi heyrir undir mannauðssviði. Næsti yfirmaður er Erla Björnsdóttir framkvæmdastjóri mannauðssviðs.

Helstu áskoranir/verkefni á árinu

- Lagfæringar vefs SAK á island.is.
- Efnissköpun fyrir vefsíðu og samfélagsmiðla.
- Gerð bæklinga.
- Skipulag birtinga á miðlum SAK.
- Skipulag ársfundar.
- Utanumhald á kynningum fyrir nemendur í heilbrigðisvísindum (hjúkrunarfræðinemar, læknanemar, iðjubjálfunarfræðinemar).
- Utanumhald heimsóknar forsetahjóna á SAK.
- Utanumhald Vísindadagsins.
- Skipulag Dags sjúkrahússins á vegum Hollvina SAK.
- Formaður umhverfisráðs.
- Uppfærsla vefsíðu Hollvina.
- Innleiðing nýrra sameiginlegra undirskrifa í vefpóst starfsfólks SAK.
- Utanumhald útgáfu nýs stjórnsýsluskipurits.
- Skipulag starfsauglýsingamyndatöku.

Sjúkrahúsprestur

Hlutverk

Verkefni sjúkrahúsprests eru þrenns konar.

- Í fyrsta lagi veitir sjúkrahúsprestur sál-gæslu sem á að mæta þeim sem glíma við erfiðar upplifanir tengdar veikindum og áföllum. Sál-gæsla sjúkrahúsprests stendur sjúklingum, aðstandendum þeirra og starfsfólki spítalans til boða óháð trúarafstöðu.
- Í öðru lagi sinnir sjúkrahúsprestur fræðslu, handleiðslu og hópastarfi.
- Í þriðja lagi býður sjúkrahúsprestur þeim sem vilja nýta sér þannig þjargráð, trúarlegan og andlegan stuðning með helgihaldi og samtölum.

Starf sjúkrahúsprests er samvinnuverkefni SAK og Þjóðkirkjunnar samkvæmt samningi sem um þá þjónustu var gerður. Sjúkrahúsprestur er í stuðningsteymi sjúkrahússins, hann er fulltrúi SAK í samráðshópi um áfallahjálp og tilheyrir starfshópi heilbrigðisráðuneytisins um fyrirkomulag eftirfylgdar á landsvísu.

Starfsfólk

Sjúkrahúsprestur tilheyrir mannauðssviði. Starfið er 50% eins og sakir standa. Sjúkrahúsprestur er Svavar Alfreð Jónsson.

Helstu áskoranir/verkefni á árinu

Beiðnir um þjónustu sjúkrahúsprests berast í Sögu, með tölvupóstum og símtölum. Þau gögn og dagbók sýna að á árinu 2023 hafi sjúkrahúsprestur tekið þátt í 29 boðuðum fundum og annast 16 fræðslusamverur. Viðtöl við starfsfólk voru rúmlega tíu en vitjanir til sjúklinga í húsinu tæplega 400, mjög misjafnar að tímalengd. Þar af voru 56 samkvæmt beiðnum í Sögu. Auk þess fór sjúkrahúsprestur í 60 vitjanir í heimahús. Útköll á sjúkrahús eða í heimahús um helgar, nætur og utan hefðbundins vinnutíma voru 22.

Breytingar/nýjungar á árinu

Djákni og prestur hafa lengi starfað á SAK. Núverandi fyrirkomulag þjónustunnar hefur verið síðan um þarsíðustu áramót en þá hafði hún ekki verið til staðar um nokkurt skeið. Þetta fyrsta starfsár sjúkrahúsprests með breyttu sniði hefur verið töluverð áskorun.



Eftirlitsnefnd með aðgengi að sjúkraskrá

Hlutverk

Eftirlitsnefnd starfar í umboði framkvæmdarstjóra lækninga sem er umsjónarmaður sjúkraskrár. Nefndin skal fylgjast reglulega með hverjir nota sjúkraskrárupplýsingar og á hvaða hátt. Innra eftirlit skal framkvæmt með reglubundnum hætti, gera skal skýrslu til framkvæmdarstjóra lækninga um niðurstöður eftirlitsins og áætlum um úrbætur eftir því sem þörf krefur. Framkvæmdarstjóri lækninga setur nefndinni starfsreglur.

Starfsfólk

- Hannes Bjarnason, gæðastjóri og formaður nefndarinnar.
- Arna Rún Óskarsdóttir, forstöðulæknir.
- Garðar Már Birgisson, forstöðumaður upplýsingatæknideildar.
- Sædís Guðrún Bjarnadóttir, hjúkrunarfræðingur á gjörgæsludeild.
- Unnur Ingibjörg Gísladóttir, ritari framkvæmdarstjórnar.

Helstu áskoranir/verkefni á árinu

Helstu áskoranir er varða starfsemi nefndarinnar hafa verið manna-breytingar á sjúkrahúsinu. Skipa þurfti nýja nefnd sem að tók til starfa síðla árs 2023, en framan af ári lá starfsemi nefndarinnar að miklu leyti niðri.

Breytingar/nýjungar á árinu

Framkvæmdarstjóri lækninga skipaði nýja eftirlitsnefnd með aðgengi að sjúkraskrá síðla árs 2023 og tók sú nefnd þegar til starfa. Nýja nefndin nýtti sína fyrstu fundi til skipulagningar á vinnu sinni.

Endurlífgunarráð

Hlutverk

Endurlífgunarráð hefur verið starfrækt á SAK frá árinu 2003. Hlutverk þess er m.a. að:

- Fylgja eftir reglum um útköll vegna endurlífgunar/neyðarástands á sjúkrahúsinu.
- Fylgjast með búnaði til endurlífgunar, staðsetningu hans og þörf fyrir endurnýjun.
- Tryggja viðeigandi endur- og símenntun fyrir hvern starfshóp sjúkrahússins.
- Fylgja eftir skráningu endurlífgunar á SAK og skila uppgjöri einu sinni á ári.

Starfsfólk

Í endurlífgunarráði SAK, skipuðu í mars 2021 sitja:

- Eyrún Björg Þorfinnsdóttir, svæfinga- og gjörgæslu-hjúkrunarfræðingur – formaður og verkefnastjóri.
- Chris Wolfensperger, yfirlæknir svæfinga- og gjörgæslulækninga.
- Jón G. Knutsen, sjúkraflutningamaður, mennta- og vísindadeild.
- Kolbrún Sigurlásdóttir, hjúkrunarfræðingur, lyflækningadeild.
- Zoe Rochford, yfirlæknir bráðalækninga.
- Elma Rún Ingvarsdóttir, sérfræðingur í barnahjúkrun, barnadeild.



- Edda Guðrún Kristinsdóttir, hjúkrunarfræðingur og ljós-móðir, fæðingadeild.

Ráðið fundaði einu sinni á árinu og hafði auk þess samskipti um tölvupóst/Teams eftir þörfum.

Endurlífgunarnámskeið

SAK gerir þá kröfu til starfsfólks síns að það búi yfir þekkingu í endurlífgun, starfs síns vegna. Kröfurnar eru misjafnar eftir stétt og starfi viðkomandi og er námskeiðshald skipulagt af endurlífgunarráði samkvæmt því. Það er þó á ábyrgð yfirmanna á einingum að sjá til þess að starfsfólk sæki þau námskeið sem því ber, til að viðhalda þekkingu sinni í endurlífgun.

Allt námskeiðshald í sérhæfðri endurlífgun fullorðinna I og II og sérhæfðri endurlífgun barna I og II hérlendis tekur mið af evrópskum stöðlum og leiðbeiningum frá Evrópska endurlífgunarráðinu (ERC).

Vel hefur gengið að viðhalda leiðbeinendahóp ERC innan SAK og eru innanhúss námskeið að mestu leiðbeind af innanhúss leiðbeinendum.

Útköll í neyðarsíma

Endurlífgunarráð heldur úti í samstarfi við upplýsingatækni-deild um skráningu á hringingum í neyðarsíma SAK 22 22. Starfsmaður ráðsins fær skýrslu um símtölin mánaðarlega

og fylgir eftir hverju útkalli í neyðarsíma þegar hægt er. Um 30 símtöl bárust í neyðarsíma á árinu, þar af níu vegna staðfests hjartastopps. Alltaf eru einhver símtöl sem ekki tekst að afla skýringa á en þetta verklag skilar samt sem áður ágætu yfirliti yfir útköllin á ársgrundvelli.

Á árinu opnaði upplýsingatækni-deild á þann möguleika að hægt væri að hringja í neyðarsíma úr öllum símum en hringja þarf í 463-2222 ef hringt er úr símum sem ekki tengjast innanhúss símkerfi SAK.

Útkallsæfingar

Endurlífgunarráð stendur fyrir reglulegum útkallsæfingum á SAK. Æfingarnar felast í þjálfun í fyrstu viðbrögðum við neyðarástandi á viðkomandi deild og útkalli neyðarteymis. Þessar æfingar hafa leitt í ljós ýmiskonar vankanta á útkallsferlinu og hefur verið unnið að úrbótum á þeim jafnóðum.

Búnaður

Endurlífgunarráð heldur utanum búnað sem notaður er við endurlífgun á sjúkrahúsinu. Listar um útbúnað hvarrar deildar/einingar eru í gæðaskjölum ráðsins og fylgir starfsfólk þess því eftir að búnaðurinn sé til staðar og eftirlit með honum virkt.

Faghópur um fjölskyldustuðning

Hlutverk

Á stjórnarfundum Heilbrigðisvísindastofnunar HA (HHA) þann 11. október 2021 var samþykkt tillaga Hildigunnar Svavarsdóttur, þáverandi framkvæmdastjóra hjúkrunar á SAK, um stofnun faghóps fjölskylduhjúkrunar (nú faghópur um fjölskyldustuðning) sem samstarfsverkefni HA og SAK.

Faghópur fjölskyldustuðnings hélt stofnfund sinn í janúar 2023.

Starfsfólk

- Áslaug Felixdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri fræðslumála SAK.
- Hafdís Sif Hafþórsdóttir, hjúkrunarfræðingur á lyflækningadeild og lungnamóttöku SAK.
- Lóa Maja Stefánsdóttir, hjúkrunarfræðingur á gjörgæslu og blóðskilun SAK, heimahjúkrun HSN.
- Olga Ásrún Stefánsdóttir, aðjúnkt við HA, iðjupjálfi og fjölskyldufræðingur.
- Sigríður Sía Jónsdóttir, dósent við HA og ljósmóðir.
- Snæbjörn Ómar Guðjónsson, sérfræðingur í geðhjúkrun á SAK.

Ráðgjafi: Bernard Gerritsma forstöðuhjúkrunarfræðingur geðdeildar SAK.

Fulltrúar faghópsins funda formlega sex sinnum á ári, árlega er tekin saman skýrsla um störf faghópsins og árlega gerð verkefnaáætlun til framkvæmdastjóra hjúkrunar á SAK, framkvæmdastjóra hjúkrunar á SAK og deildarforseta hjúkrunardeildar HA.

Helstu áskoranir/verkefni á árinu

- Vera leiðandi og vinna að þróun innan fjölskylduhjúkrunar/stuðnings, nýtingu gagnreyndrar þekkingar og miðlun nýrrar þekkingar til hjúkrunarfræðinga á SAK og hjúkrunarfræðinema í HA og annarra heilbrigðisstétta varðandi fjölskyldustuðning.
- Móta stefnu um þjónustu, gæðastarf, rannsóknir, kennslu, nám og starfsþróun innan fjölskylduhjúkrunar/stuðnings á SAK og HA.
- Vera vettvangur faglegrar umfjöllunar, en umfram allt vera samstarfsvettvangur SAK og hjúkrunardeildar HA.
- Vera í nánú samstarfi við fagráð fjölskylduhjúkrunar á LSH (fulltrúar frá faghópi fjölskyldustuðnings og fagráði fjölskylduhjúkrunar funda reglulega á Teams)



Jafnréttisnefnd

Hlutverk

Jafnréttisnefnd skal leggja áherslu á að framfylgja stefnu og áætlunum sjúkrahússins í jafnréttismálum sem settar hafa verið í samræmi við ákvæði laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og laga nr. 151/2020 lög um stjórnýslu jafnréttismála.

Nefndinni ber að viðhalda stefnu sjúkrahússins í jafnréttismálum og gera tillögu til framkvæmdastjórnar ef ástæða er til breytinga með upplýsingaöflun og gerð tillagna um aðgerðir í einstökum málaflokkum. Þá hefur nefndin umboð til þess að fylgja slíkum aðgerðum eftir og til hennar er hægt að vísa málum til athugunar og álitsgjafar, hvort heldur er af yfirmönnum eða starfsfólki.

Starfsfólk

Jafnréttisnefnd hefur starfað síðan í desember 2007 en skipað er í nefndina til þriggja ára í senn.

Skipað var í nýja jafnréttisnefnd til þriggja ára frá og með 1. janúar 2023 og eru eftirfarandi fulltrúar í nefndinni:

- Þóra G. Þorsteinsdóttir, mannauðsráðgjafi, formaður.
- Lilja Sif Þórisdóttir, félagsráðgjafi.
- Sigurður Ingi Steindórsson, kerfisstjóri.

Sandra G. Harðardóttir tók sæti Þóru G. Þorsteinsdóttur þegar Þóra hætti störfum á árinu.

Helstu áskoranir/verkefni á árinu

Til nefndarinnar bárust engin formleg erindi á árinu. Nefndin afgreiddi nýja jafnréttisáætlun sem gildir fyrir árin 2024-2027. Helstu breytingarnar í nýrri áætlun eru að jafnréttisnefnd hefur tekið í notkun netfangið jafnréttisnefnd@sak.is þar sem tekið verður á móti fyrirspurnum og ábendingum um jafnréttismál á SAK.

Nýtingarnefnd húsnæðis

Hlutverk

Hlutverk nýtingarnefndar er að fjalla um tillögur/óskir til breytinga á nýtingu húsnæðis samkvæmt beiðni frá framkvæmdastjórn og skila tillögum sínum til framkvæmdastjórnar til afgreiðslu.

Nýtingarnefnd er skipuð sex starfsmönnum til fjögurra ára í senn. Forstjóri skipar nefndarmenn og formann nefndarinnar sérstaklega.

Starfsfólk

Nýtingarnefnd var þannig skipuð í lok árs:

- Gunnar Línadal Sigurðsson, forstöðumaður rekstrardeildar, formaður.
- Friðbjörn R. Sigurðsson, yfirlæknir lyflækninga.
- Konráð Gylfason, framkvæmdastjóri rekstrar og klínískrar stoðþjónustu.
- Helgi Haraldsson, öryggisstjóri.
- Hulda S. Ringsted, framkvæmdastjóri hjúkrunar.

Varafulltrúi:

Harpa Snædal, sérfræðingur í fæðinga- og kvensjúkdómalækningum.

Helstu áskoranir/verkefni á árinu

Nefndin hélt 19 formlega fundi á árinu auk ýmissa vinnufunda í tengslum við úrvinnslu erinda og tillögugerð.

Mörg af þeim erindum sem berast nýtingarnefnd snúast um óskir um aukið og/eða bætt húsnæði. Helstu áskoranir nefndarinnar eru þrengsl í núverandi húsnæði samhliða vexti í starfsemi.



Skurðstofunefnd

Hlutverk

Skurðstofunefnd hefur það hlutverk að skipuleggja starfsemi á skurðstofum. Hún er einnig ráðgefandi um faglega og rekstrarlega þætti er þeim við kemur.

Starfsfólk

Skurðstofunefnd var þannig skipuð í lok árs:

- Oddur Ólafsson, yfirlæknir svæfinga- og gjörgæslulækninga, formaður.
- Anna Margrét Tryggvadóttir, deildarstjóri skurðstofa og sóttreinsunar.
- Sólveig Björk Skjaldardóttir, deildarstjóri svæfingadeildar.
- Orri Ingbórsson, fæðinga- og kvensjúkdómalæknir.
- Helgi H. Sigurðsson, yfirlæknir skurðlækninga.
- Elísabet Björgvinsdóttir, yfirlæknir bæklunarskurðlækninga.
- Brynja Dröfn Tryggvadóttir, deildarstjóri gjörgæsludeildar.
- Hilda Hólm Árnadóttir, deildarstjóri skurðlækningadeildar.

Helstu áskoranir/verkefni á árinu

Haldnir voru átta reglulegir fundir á árinu. Þar að auki var boðað til eins fundar brátt til að fjalla um hvernig bregðast ætti við aukningu á sýkingum eftir gerviliðsaðgerðir.

Í upphafi árs var glímt við mönnunarfunda á gjörgæsludeild og síðar einnig skurðlækningadeild. Hafði þetta þau áhrif að draga þurfti úr starfsemi og fækka valkvæðum aðgerðum. Samdráttur var töluverður fram að páskum en komst eftir það næstum í eðlilegt horf fram að sumri. Starfsemin um haustið var svo að heita eðlileg og hvergi mönnunarfundi. Svæfingahjúkrunarfræðingar aðstoðuðu við að manna vöknun vegna þessarar manneklu á gjörgæsludeild þegar ástandið var sem erfiðast. Títt var fjallað um mönnunarmál og hafði nefndin m.a. áhyggjur af mönnun skurðlækna sem og hjúkrunarfræðinga á gjörgæslu- og skurðlækningadeild.

Nýir skurðlampar voru teknir í notkun á árinu. Endurtekið var fjallað um speglaastæður og nauðsyn þess að kaupa nýjar, en þær sem eru til staðar eru mjög komnar til ára sinna, og úr sér gengnar.

Skurðstofunefnd fundaði um haustið með nýskipaðri framkvæmdastjórn. Farið var yfir áherslur nefndarinnar svo sem mikilvægi þess að vera með Orbit kerfi til að halda utan um starfsemina. Fjallað var um nauðsyn þess að koma á fót dagdeild skurðeildar, birgðakerfi skurðstofu, fjármögnunarkerfið DRG og fleira. Rætt var um mögulegt samstarf við Læknastofur Akureyrar um hvar best sé að framkvæma tilteknar aðgerðir með hag íbúa að leiðarljósi.

Stuðningsteymi starfsfólks

Hlutverk

Stuðningsteymi starfsfólks á SAK var skipað 25. nóvember 1997 og hefur síðan verið endurskipað af framkvæmdastjórn á tveggja ára fresti. Teymið starfar til hliðar við mannauðsdeild SAK.

Hlutverk stuðningsteymisins er að stuðla að góðum starfsanda og aukinni vellíðan hjá starfsfólki sem og að mæta þörfum þeirra þegar álag er í starfi og lífið reynist erfitt á einn eða annan hátt.

Teymið aðstoðar við að greina vanda og/eða vanlíðan hjá einstaklingum og starfshópum, bæði vinnutengds og persónulegs eðlis. Teymið veitir stuðning í áföllum, vanlíðan og kreppu sem upp kunna að koma hjá starfsfólki og aðstoðar við að koma málum í réttan farveg í samvinnu við starfsmanninn.

Starfsfólk

Stuðningsteymið skipa:

- Bernard Gerritsma, deildarstjóri geðdeildar, formaður.
- Auðbjörg Geirsdóttir, hjúkrunarfræðingur.
- Friðrik Már Ævarsson, sálfræðingur.
- Svavar Alfreð Jónsson, sjúkrahúsprestur.

Helstu áskoranir/verkefni á árinu

Allt starfsfólk getur nýtt sér stuðning og aðstoð teymisins. Á árinu hefur starfsfólk teymisins veitt 29 starfsmönnum alls 40 viðtöl og 29 símtöl. Vegna persónulegra mála fengu níu einstaklingar viðtöl hjá teyminu, hjá fimm einstaklingum var vandinn vinnutengdur og hjá 15 einstaklingum var vandinn blandaður. Einnig hafa verið haldnir þrjú viðrunar-/úrvinnslufundir fyrir starfsmannahópa.

Nýliðar fengu fræðslu um starfsemi teymisins.

Fundir teymisins eru alla mánudaga kl. 8:30. Teymið fundar með fulltrúum starfsmannaþjónustunnar ársfjórðungslega.

Umhverfisráð

Hlutverk

Hlutverk umhverfisráðs er að innleiða umhverfisstefnu sjúkrahússins, gera umhverfisgreiningu og forgangsraða viðbótarverkefnum. Því er einnig ætlað að meta framvindu stefnunnar, miðla upplýsingum og kynna stefnuna.

Starfsfólk

Frá 1. maí 2022 til 30. apríl 2023. Nýtt ráð skipað 2. nóvember 2023.

- Gunnar Líndal Sigurðsson, forstöðumaður rekstrardeildar, formaður.
- Helgi Haraldsson, öryggisstjóri.
- Ingimar Eydal, skólastjóri Sjúkraflutningaskólans.
- Linda Hrönn Benediktsdóttir, matartæknir.
- Sverrir Jónsson, sérfræðilæknir.

Frá 2. nóvember 2023

- Katrín Árnadóttir, samskiptafulltrúi, formaður.
- Helgi Haraldsson, öryggisstjóri.
- Ingimar Eydal, skólastjóri Sjúkraflutningaskólans.
- Valur Sæmundsson, sérfræðingur UTD.
- Þóra Björg Stefánsdóttir, verkefnastjóri rekstardeildar.

Helstu áskoranir/verkefni á árinu

Haldnir voru þrjú formlegir fundir í umhverfisráði. Unnið var áfram í skrefi þrjú í grænum skrefum.

Upplýsingaöryggisnefnd

| Upplýsingaöryggisatvik | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|------------------------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|
| Atvik | 16 | 10 | 15 | 8 | 8 |
| Frávik | 3 | 1 | 2 | 3 | 2 |
| Samtals | 19 | 11 | 17 | 11 | 10 |

Hlutverk

Stefna SAK í upplýsingaöryggi lýsir áherslum framkvæmdarstjórnar á upplýsingavernd og örugga meðferð ganga og upplýsinga í vörslu og eigu sjúkrahússins. Verja þarf upplýsingaeygnir sjúkrahússins og notendur þjónustu þess fyrri öllum ógnum, innri og ytri, af ásetningi, vegna óhappa eða af slysi. Þetta er meginhlutverk upplýsingaöryggisnefndar ásamt fleiri skilgreindara hlutverka, eins og að rýna og samþykkja skráningu og meðferð upplýsingaöryggisatvika og/eða frávika.

Starfsfólk

- Hannes Bjarnason, gæða- og upplýsingaöryggisstjóri, formaður.
- Konráð Gylfason, framkvæmdastjóri rekstrar og klínískrar stoðþjónustu.
- Ragnheiður Halldórsdóttir, framkvæmdarstjóri lækninga.
- Sigmundur Björnsson, deildarstjóri UTD.

Helstu áskoranir/verkefni á árinu

Helstu áskoranir við starfsemi upplýsingaöryggisnefndar hefur verið undirmönnum á upplýsingatæknideild ásamt mannbreytingum og breytingum á stjórnskipulagi sjúkrahússins.

Breytingar/nýjungar á árinu

Helstu viðfangsefni upplýsingaöryggisnefndarinnar er að veita stuðning við uppfærslu á ISO27001 í nýja útgáfu sem skal vera lokið fyrir 1. ágúst 2024, ásamt því að rýna meðferð upplýsingaöryggisatvika og/eða frávika.

Útskriftarteymi

Hlutverk

Útskriftarteymi var stofnað við SAK árið 2014. Teymið er skipað til þriggja ára í senn. Útskriftarteymið er starfsfólki, sjúklingum og aðstandendum til ráðgjafar og aðstoðar við útskriftir. Markmið teymisins er að stuðla að bættu flæði sjúklinga hvort sem þeir eru að fara heim, í endurhæfingu eða varanlega vistun.

Starfsfólk

- Ragnheiður Halldórsdóttir, lyf- og öldrunarlæknir/framkvæmdastjóri lækninga, formaður teymis.
- Hilda Hólm Árnadóttir, deildarstjóri skurðlækningadeildar.
- Lilja Sif Þórsdóttir, félagsráðgjafi.
- Þóra Ester Bragadóttir, deildarstjóri lyflækningadeildar.

Helstu áskoranir/verkefni á árinu

Á árinu hefur teymið eins og áður fyrst og fremst gegnt samræmingarhlutverki í tengslum við útskriftir, sér í lagi flóknar

útskriftir aldraðra einstaklinga. Fulltrúar teymisins hafa tekið þátt í fjölskyldufundum eftir þörfum. Teymið hittir vikulega sjúkrapjálfa, iðjubjálfa, hjúkrunarfræðing í heimahlynningu, hjúkrunarfræðinga frá heimahjúkrun, iðjubjálfa frá heimaþjónustu og öldrunarlækni af Kristnesspítala. Tilgangurinn er að tryggja enn betur upplýsingaflæði milli teymisins og annarra þjónustuaðila.

Þörf fyrir heimaþjónustu og heimahjúkrun er sífellt að aukast og tekur lengri tíma að fá inn þjónustu fyrir nýja einstaklinga. Eins gengur verr að fá þjónustu fyrir einstaklinga á kvöldin og um helgar. Sumarið 2023 gekk verr að útskrifa einstaklinga heim þar sem heimahjúkrun gat ekki brugðist við nýjum beiðnum frá byrjun júní þar til um miðjan ágúst og dró á sama tíma úr þjónustu. Heimaþjónusta gat ekki hafið þrifabjónustu við einstaklinga yfir sumartímann en settu í forgang að sinna þjónustu við öryggisinnlit og aðstoð við athafnir daglegs lífs.

Vísindaráð

Hlutverk

Vísindaráð SAK er skipað af framkvæmdastjóra bráða- og þróunarviðs til þriggja ára. Hlutverk vísindaráðs er að móta vísindastefnu og sjá um kynningu á vísindastarfi sem fram fer á sjúkrahúsinu.

Vísindaráð á að vera til ráðgjafar við veitingu viðurkenninga fyrir vísindastörf á SAK og jafnframt vera mennta- og vísindadeild til ráðgjafar um þau verkefni sem snúa að háskóla- og vísindastarfi og þróun heilbrigðisvísinda.

Starfsfólk

Laufey Hrólfsdóttir, deildarstjóri mennta- og vísindadeildar er formaður ráðsins.

Fundargerðir eru birtar á innra neti SAK.

Helstu áskoranir/verkefni á árinu

Vísindaráðið sér um skipulagningu og umsjón sameiginlegs Vísindadags SAK og HHA. Dagurinn var haldinn í 14. skipti. Dagskráin var öllum opin en einnig var hægt að fylgjast með dagskránni á Teams.

Vísindaráð sá um að meta þær 6 umsóknir sem bárust vísindasjóði SAK.

Í lok ársins hófst vinna við uppfæra vísindastefnu SAK. Stefnt er að því að birta nýja stefnu vorið 2024.

Breytingar/nýjungar á árinu

Reglur vísindasjóðs

Vísindaráð styður tillögu frá stjórn vísindasjóðs um breytingu á reglum vísindasjóðs. Með þessari breytingu geta styrkhafar valið um að vera verktakar eða launamenn. Nú verður hægt að óska eftir að styrkur vegna launalauss leyfis fari í gegnum launadeild SAK og að greiðsla reikninga fari í gegnum bókhald SAK.



Vísindasjóður

| Vísindasjóður | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|----------------|-----------|-----------|-----------|------------|-----------|
| Fjöldi umsókna | 6 | 6 | 4 | 5 | 6 |
| Samþykktar | 4 | 6 | 4 | 5 | 5 |
| Hafnað | 2 | | | | 1 |
| Styrkveitingar | 2.700.000 | 5.547.106 | 2.627.890 | 11.858.000 | 6.412.200 |

Hlutverk

Vísindasjóður var formlega stofnaður á ársfundi sjúkrahússins 15. maí 2013. Markmið sjóðsins er að efla vísindarannsóknir við SAK.

Starfsfólk

Álfheiður Atladóttir, Guðjón Kristjánsson og Rannveig Jóhannsdóttir.

Varamaður er Orri Ingþórsson.

Helstu áskoranir/verkefni á árinu

Eftirfarandi fimm verkefni hlutu úthlutun úr Vísindasjóði SAK árið 2023:


- Geðlyfjanotkun kvenna á meðgöngu, á upptökusvæði HSN á árunum 2020-2022.
 - Umsækjandi: Alexander Kr. Smáráson.
 - Styrkveiting: 1.152.867 kr.
- Íslenska ofvaxtarhjärtavöðvakvilla verkefnið: Erfðafræðileg innköllunarrannsókn.
 - Umsækjandi: Gunnar Þór Gunnarsson.
 - Styrkveiting: 1.324.593 kr.

- Prevalence of Obstructive Sleep Apnoea (OSA) among 4-8 Years old Children in the General Population.
 - Umsækjandi: Laufey Hrólfsdóttir.
 - Styrkveiting: 1.937.298 kr.
- Næringarástand íbúa hjúkrunarheimilis á Akureyri.
 - Umsækjandi: Sara Mist Gautadóttir.
 - Styrkveiting: 1.597.442 kr.
- Samanburður á kulnun, streitu og bjargráðum á milli hjúkrunarfræðinga á bráðalegudeildum og í heilsugæslu.
 - Umsækjandi: Þórhalla Sigurðardóttir.
 - Styrkveiting: 400.000 kr.

Breytingar/nýjungar á árinu

Styrkþegar sem eru launafólk SAK getur nú fengið styrk til launa greiddan í gegnum launakerfið í stað þess að fá upphæðina millifærða inn á eigin bankareikning.

Frá árinu 2016 hafa sjóðnum borist 36 umsóknir um styrki og hafa 33 verkefni hlotið styrk.



ÖRYGGI

SAMVINNA

FRAMSÆKNI